

Sp.

50. Þjóðhagsáætlun

fyrir árið 1982.

(Lögð fram af forsætisráðherra hinn 22. október 1981.)

EFNISYFIRLIT

Inngangur	
I. Markmið	
1. Atvinnuöryggi	
2. Frekari hjöðnun verðbólgu	
3. Launa- og kjaramál	
4. Jafnvægi í viðskiptum við útlönd	
5. Vöxtur framleiðslu — bætt lífskjör	
II. Stefna og ráðstafanir	
1. Fjármál ríkisins	
2. Peninga- og lánamál	
3. Launa- og lífeyrismál	
4. Verðlagsmál	
5. Fjárfestingarmál	
6. Atvinnumál	
III. Framvinda efnahagsmála 1981 og horfur 1982	
Framvindan 1981	
1. Utanríkisviðskipti	
2. Þjóðarútgjöld	
3. Atvinna	
4. Verðlag og tekjur	
5. Ríkisfjármál og peningamál	
6. Framleiðsla og hagur atvinnuvega	
Horfur 1982	
7. Útflutningsframleiðsla	
8. Viðskiptakjör	
9. Verðlag og tekjur	
10. Þjóðarútgjöld	
11. Viðskiptajöfnuður	
12. Þjóðarframleiðsla — þjóðartekjur	

Inngangur.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1981 var lýst helstu markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og þeim viðfangsefnum, sem þessi markmið fólu í sér, við ríkjandi ástand og horfur í efnahagsmálum á síðastliðnu hausti. Þegar þjóðhagsáætlunin var lögð fram, voru ýmsir mikilvægir þættir efnahagsmála enn óráðnir og meðal annars ólokið gerð kjarasamninga. Þjóðhagsáætlun var síðan fylgt eftir með efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar um síðustu áramót, þar sem gerð var nánari grein fyrir efnahagsaðgerðum á þessu ári.

Helstu markmið þessara áætlana voru að tryggja atvinnuöryggi, draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, tryggja kaupmátt og treysta rekstrargrundvöll atvinnuveganna.

Framvinda efnahagsmála á þessu ári hefur um margt orðið hagstæðari en búist var við fyrir ári. Þjóðarframleiðslan eykst að líkindum heldur meira en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun, einkum vegna meiri þorskafla en þar var miðað við. Gengisþróun á þessu ári hefur bætt viðskiptakjör þjóðarinnar, að minnsta kosti um sinn, en enn eru viðskiptakjörin þó mun lakari en þau voru á árinu 1978. Þær sviptingar, sem orðið hafa á erlendum gjaldeyrismörkuðum, hafa hins vegar komið misjafnt niður á hinum ýmsu atvinnugreinum.

Atvinnuástand hefur almennt verið gott og þegar á heildina er litið hefur reyndar enn gætt umframeftirspurnar eftir vinnuafli, þótt erfiðleikar hafi komið fram á nokkrum stöðum. Verðbólga hefur hjaðnað verulega frá því sem var á síðustu tveimur árum, og útlit er fyrir, að hún verði um 40% frá upphafi til loka þessa árs, eins og stefnt var að í efnahagsáætluninni um áramót. Þetta hefur leitt til þess, að kaupmáttur ráðstöfunartekna og kauptaxta verður ívið meiri á árinu en horfur voru á að mati Þjóðhagsstofnunar að loknum kjarasamningum. Einnig eru nú horfur á, að viðskiptahalli verði óverulegur og töluvert minni en á árinu 1980. Þótt þannig hafi margt áunnist á þessu ári, er brýnt að treysta þann árangur, sem náðst hefur, og ná frekari árangri á næsta ári. Þetta á ekki síst við um hjöðnun verðbólgunnar en tryggja verður áframhaldandi hjöðnun hennar í áföngum. Þótt mikilvægur áfangi hafi náðst á þessu ári í baráttunni við verðbólguna, er hún enn mikil og ávallt hætta á að hún fari vaxandi á ný.

Efnahagsástandið í heiminum einkennist enn af hægum hagvexti eða jafnvel samdrætti í mörgum löndum, miklu og vaxandi atvinnuleysi og verulegri verðbólgu. Þótt vonast sé til, að efnahagsástand í heiminum batni heldur á næsta ári, þá munu erfiðleikar í alþjóðæfnahagsmálum og hin óhagstæða þróun að undanfögnu óhjákvæmilega hafa áhrif á þjóðarbúskap okkar. Ástand fiskstofna og lök viðskiptakjör setja vexti þjóðarframleiðslu og -tekna þröngar skorður um sinn. Þeim mun mikilvægara er að stefna að auknum hagvexti í framtíðinni, ekki síst með nýtingu orkulindanna.

Í fyrsta hluta þessarar skýrslu er gerð grein fyrir markmiðum efnahagsstefnunnar. Í öðrum hlutanum er gerð grein fyrir stefnu og ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og í þriðja hlutanum er lýst framvindu og horfum í efnahagsmálum, eins og þær virðast í vetrarbyrjun 1981. Fjárlagafrumvarp og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 eru reist á sömu markmiðum í efnahagsmálum.

I.

Markmið.

1. Atvinnuöryggi.

Ríkisstjórnin leggur megináherslu á að tryggja næga og örugga atvinnu. Atvinnuástand hefur verið gott á þessu ári, þrátt fyrir einstök staðbundin vandamál og vissa erfiðleika í

sumum greinum atvinnulífsins. En brugðist hefur verið við þessum vanda og næg atvinna tryggð, þannig að atvinnuástand er með besta móti hér á landi, bæði þegar borið er saman við undanfarin ár og ekki síður þegar horft er til annarra landa.

Gagnstætt reynslu annarra þjóða er vandi efnahagsstjórnar hér á landi ekki síður fólgin í að koma í veg fyrir afleiðingar af ofpenslu í einstökum greinum og á ákveðnum árstíma en að viðhalda fullri atvinnu. Í þessu skyni vinnur ríkisstjórnin nú að því að framkvæmdum sé dreift meira yfir árið en gert hefur verið og jafnframt tekið aukið tillit til sérstakra aðstæðna á hverjum stað. Nauðsynleg forsenda slíkra vinnubragða er aukin upplýsingaöflun um framkvæmdafyrætlanir og atvinnuástand.

Þegar litið er til skamms tíma er við ákveðna erfiðleika að etja í sumum greinum sjávarútvegsins, einkum í frystingu, svo og útflutnings- og samkeppnisiðnaði, m. a. vegna óvenju mikilla sviptinga í alþjóðaefnahagsmálum. Til lengri tíma litið er brynasta viðfangs-efnið vöxtur þjóðarframleiðslu með orkunýtingu og iðnaði. Á þann hátt má tryggja næga atvinnu um leið og stuðlað er að jafnvægi í byggð landsins.

2. Frekari hjöðnun verðbólgu.

Mikilvægur áfangi hefur náðst á þessu ári í baráttunni við verðbólgu. Í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá áramótum var sett fram það meginmarkmið að draga svo úr hraða verðbólgunnar, að hún lækkaði í um 40% á árinu, mælt frá byrjun til loka árs. Horfur eru á, að þessu markmiði verði náð, og verðbólgan hjaðni því úr 60% á árinu 1980 í 40% 1981. Þessum árangri er náð án þess að kaupmátturinn rýrni frá því, sem búist var við að hann yrði, er efnahagsaðgerðirnar um áramótin voru ákveðnar.

Á komandi ári mun ríkisstjórnin leggja höfuðáherslu á að þrýsta verðbólgunni enn verulega niður í samræmi við það meginmarkmið að koma henni svo fljótt sem kostur er niður á svipað stig og er í helstu viðskiptalöndum okkar. Ríkisstjórnin telur æskilegt að ná hlutfallslega svipuðum árangri á árinu 1982 og á þessu ári, en tölulegt markmið verður ákveðið, þegar betri upplýsingar liggja fyrir um þróun ýmissa þátta efnahagsmála, sem enn eru óljósir. Árangri í baráttunni við verðbólguna verður að ná með samstilltu átaki í þjóðfélaginu og aðhaldssamri og sterkri efnahagsstjórn án þess að til atvinnuleysis komi, eða að gengið verði á kaupmátt ráðstöfunartekna.

Heldur hefur dregið úr verðbólgu í flestum löndum heims á þessu ári, en árangurinn hefur verið seintekinn og víða óviss. Í OECD-löndum er nú gert ráð fyrir, að verðbólgan á árinu 1982 verði á bilinu 9—10% að meðaltali, samanborið við 10—11% á þessu ári og 12% 1980. Af þessum tölum má glöggt marka, að verulega hefur dregið úr þeim mun, sem verið hefur á verðbólgu hér og í öðrum löndum. Það er markmið ríkisstjórnarinnar að þessi munur verði enn minnkaður verulega á næsta ári. Það verður hins vegar torsótt, ef jafnframt á að tryggja næga atvinnu og kaupmátt, og til þess þarf samstillt átak ríkisstjórnarinnar og annarra áhrifaaðila í hagkerfinu.

3. Launa- og kjararámal.

Á þessu ári hefur ríkt friður á vinnumarkaðnum. Kjarasamningar eru nú almennt að renna út og undirbúningur undir næstu kjarasamninga er í fullum gangi. Ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á að samningar um launa- og kjararámal verði gerðir með samstarfi og samráði á breiðum grunni og niðurstöður þeirra samrýmist efnahagslegum markmiðum hennar um hjöðnun verðbólgu í áföngum og jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Jafnframt leggur ríkisstjórnin áherslu á að í kjarasamningunum verði lagður hornsteinn að farsælli launa- og kjarastefnu fyrir næstu ár, sem í senn skili árangri í baráttunni við verðbólguna og bæti lífskjör í landinu.

Það er grundvallarstefna ríkisstjórnarinnar, að það sé verkefni samtaka launþega og

atvinnurekenda að semja um kaup og kjör. En til þess að stuðla að gerð kjarasamninga, sem samrýmist markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, er hún reiðubúin til að beita sér fyrir ráðstöfunum í því efni eftir því sem aðstæður leyfa.

4. Jafnvægi í viðskiptum við útlönd.

Ríkisstjórnin mun stefna að því, að jafnvægi náist í viðskiptum við útlönd á árinu 1982.

Eins og nú horfir í utanríkisviðskiptum, er líklegt að talsvert dragi úr halla á viðskiptajöfnuði á árinu 1981 samanborið við fyrra ár. Á árinu 1980 nam viðskiptahalli 2,4% af þjóðarframleiðslu, en í ár stefnir í aðeins 0,5% halla, eða um 100 milljónir króna. Viðskiptahalli undanfarinna tveggja ára á fyrst og fremst rætur sínar að rekja til halla á þjónustuviðskiptum, einkum vegna hárra vaxta á erlendum lánamörkuðum og erfiðleika í samgöngugreinum. Á árinu 1982 er gert ráð fyrir samdrætti í fjárfestingu, sem hefur í för með sér, að innflutningur á fjárfestingarvöru minnkar. Með hliðsjón af því mætti búast við meiri afgangi á vöruskiptareikningi en í ár, til að mæta halla á þjónustujöfnuði, ef þjóðarútgjöld fara ekki fram úr því, sem hér verður miðað við.

5. Vöxtur framleiðslu — bætt lífskjör.

Þau fjögur markmið, sem greint var frá hér að framan, varða einkum viðfangsefni hagstjórnar til skamms tíma, til eins eða tveggja ára. En á sama tíma og gerðar eru ráðstafanir til að tryggja árangur í efnahagsmálum á þessu og næsta ári, er þýðingarmikið að leggja grundvöll að frekari uppbyggingu atvinnulífsins með það langtímamarkmið að leiðarljósi að auka framleiðslu og bæta lífskjör og lífsskilyrði á næstu árum og áratugum. Í þessu skyni þarf bæði að efla og styrkja undirstöðu hefðbundinna atvinnugreina og byggja upp nýjar í tengslum við nýtingu orkulinda landsins. Þessu verkefni má skipta í þrjú höfuðþætti.

Í fyrsta lagi þarf að efla rannsóknir á íslenskum auðlindum og rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnulífsins og til undirbúnings nýjum atvinnugreinum. Þetta er afar þýðingarmikill aflvaki framþróunar, enda hefur það sýnt sig, að þær þjóðir, sem lagt hafa áherslu á þennan þátt, hafa að jafnaði notið meiri hagvaxtar og hagsældar en aðrar þjóðir. Sama máli gegnir um ráðgjafþjónustu og aðstoð við rannsóknarstarfsemi, vöruþróun og markaðsstarfsemi erlendis.

Í öðru lagi mun ríkisstjórnin leggja áherslu á ráðstafanir til að auka framleiðni og framleiðsluverðmæti í atvinnuvegum landsmanna, þannig að þeir geti staðist harðnandi samkeppni bæði heima fyrir og á erlendum mörkuðum og séð vaxandi fjölda fólks fyrir atvinnu við góðan aðbúnað og kjör. Fylgjast verður vel með því, hvernig samkeppnisstaða einstakra atvinnugreina þróast hér á landi og hvernig líklegt er, að hún muni þróast í framtíðinni. Í þessu sambandi ber að kappkosta að innlend fyrirtæki lagi sig að breytilegum ytri aðstæðum og framleiðni og afköst séu sambærileg við það sem er í erlendum samkeppnisfyrirtækjum. Um leið verður að forðast að styðja við atvinnugreinar og fyrirtæki, sem lítil von er til að standist erlenda samkeppni til lengdar við eðlileg skilyrði eða geti veitt Íslendingum þau lífskjör og lífsskilyrði, sem að er stefnt.

Mikilvægur þáttur í atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar er að skapa atvinnuvegunum sömu starfsskilyrði. Starfsskilyrðanefnd, sem ríkisstjórnin skipaði í september 1980, hefur nú fyrir skömmu skilað áfangaskýrslu og er þar gerð grein fyrir margs konar misvægi í starfsskilyrðum atvinnuveganna. Í framhaldi af vinnu Starfsskilyrðanefndar kannar ríkisstjórnin nú leiðir til að jafna starfsskilyrðin, jafnframt því sem nefndin heldur áfram störfum.

Þriðji meginþáttur atvinnustefnunnar er nýting orkulinda landsins til að draga svo sem verða má úr innflutningi á olíuvörum og til uppbyggingar innlendra fyrirtækja, sem byggja á mikilli orkunotkun. Í þessu skyni hefur ríkisstjórnin þegar aflað heimilda til að reisa og reka fjórar vatnsaflsvirkjanir, auk heimildar til stækkunar Hrauneyjafossvirkjunar og ráðstafana

til að tryggja betur en nú er rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og auka orkuvinnslugetu þeirra. Ríkisstjórnin mun innan skamms leggja fyrir Alþingi tillögur um framkvæmdaröð við virkjunarframkvæmdir í samræmi við lög um raforkuver, lög nr. 60/1981. Á næstu 10—15 árum er gert ráð fyrir að unnt sé að reisa þær virkjanir, sem heimilda hefur verið aflað fyrir en virkjunarhraðinn hlýtur þó fyrst og fremst að ráðast af orkunýtingu umfram almennan markað á grundvelli stefnu stjórnvalda, meðal annars um forræði landsmanna yfir orkufrekum iðnfyrirtækjum. Má því gera ráð fyrir, að framkvæmdir við einstakar virkjanir geti skarast töluvert, eftir því sem orkunýting gefur tilefni til.

Meginverkefni í raforkuframkvæmdum á næstunni verða:

- að ljúka virkjunarframkvæmdum við Hrauneyjafoss.
- að auka vatnsöflun til núverandi orkuvera og tryggja rekstur þeirra.
- að halda áfram undirbúningi og hefja framkvæmdir við næstu stórvirkjanir fyrir landskerfið.
- að ljúka hringtengingu byggðalína og auka flutningsgetu og öryggi raforkukerfisins.

Um framkvæmdaáform og virkjunarstefnu ríkisstjórnarinnar er nánar fjallað í lögum nr. 60/1981 um raforkuver og greinargerð er fylgdi frumvarpi til þeirra laga.

Í tengslum við þessa virkjunarstefnu vinnur Orkustefnunefnd ríkisstjórnarinnar og iðnaðarráðuneytið nú að athugun og undirbúningi framkvæmda á sviði orkufreks iðnaðar. Ýmis verkefni liggja nú þannig fyrir, að um beinar framkvæmdir gæti verið að ræða á tímabilinu 1982—1987 ef hagkvæmniathuganir reynast jákvæðar. Þannig eru til athugunar forsendur fyrir hugsanlegri stækkun Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, framkvæmdir við kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, framkvæmdir við natríumklórátverksmiðju á Suðvesturlandi og pappírsmassaverksmiðju á Húsavík. Auk þess væri unnt frá tæknilegu sjónarmiði að stækka álverið í Straumsvík og auka framleiðslugetu þess um 20—40 þús. tonn á þessu tímabili. Að þessum verkefnum ásamt öðrum, sem hugsuð eru til lengri tíma, verður unnið áfram þannig að ákvarðanir megi taka á traustum forsendum um hagkvæmni, markað og aðra þætti.

II.

Stefna og ráðstafanir.

Ráðstafanir í efnahagsmálum mótast sem fyrr af þeim markmiðum, sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Efnahagsstefnan miðar að því að treysta þann árangur, sem náðst hefur á ýmsum sviðum, og fylgja honum eftir með ráðstöfunum í því skyni að draga úr verðbólgu án þess að stefna atvinnuöryggi í hættu. Verðbólgan er enn helsta vandamál íslensks efnahagslífs og viðfangsefni efnahagsstjórnar er því sem fyrr að beita víðtækum aðgerðum í því skyni að draga úr henni án þess að fórna öðrum markmiðum.

1. Fjármál ríkisins.

Í fjárlögum ársins 1981 var stefnt að nokkrum rekstrarafgangi auk þess sem ráðgert var að greiða verulega af skuldum ríkissjóðs við Seðlabankann. Með þessu væri fjármálastjórnin enn styrkt eftir verulegan árangur í þá átt síðustu árin. Það sem af er árinu, þ. e. til ágústloka, er greiðsluafkoma ríkissjóðs heldur betri en á sama tíma í fyrra og áætlanir benda til þess að markmiði fjárlaga um greiðsluafgang verði náð og greitt verður af skuldinni við Seðlabankann.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 1982 mótast af sömu aðhaldsstefnu í ríkisfjármálum og fylgt hefur verið á þessu ári. Skattar verða ekki hækkaðir en útgjöldum haldið í skefjum og því stefnt að verulegum rekstrarafgangi. Samkvæmt frumvarpinu verða heildartekjur ríkis-

sjóðs um 7 800 milljónir króna. Útgjöld verða 7 648 milljónir króna eða um 28% af áætlaðri þjóðarframleiðslu og er það svipað hlutfall og búist er við á árinu 1981. Tekjuafgangur verður þannig 151 milljón króna. Afborganir af lánum umfram nýjar lántökur og greiðsla viðskiptaskulda eru áformaðar 94 milljónir króna og greiðsluafgangur er því 57 milljónir króna. Í afborgunum lána eru meðtaldar 120 milljónir króna til Seðlabanka og samkvæmt þessu mun ríkissjóður bæta stöðu sína við bankakerfið um nær 200 milljónir króna eða nær 1% af þjóðarframleiðslu. Þetta hefur veruleg aðhaldsáhrif á þróun peningamála.

Miklar breytingar voru gerðar á lögum um tekju- og eignarskatt á síðastliðnu vori og þá lagfærðir ýmsir ágallar, sem reyndust vera á hinum nýju skattalögum. Jafnframt voru skattar á lágum tekjum og miðlungstekjum lækkaðir með lækkun sjúkratryggingagjalds. Í framhaldi af þessum breytingum hefur frumvarp til laga um samtímagreiðslu beinna skatta verið undirbúið og verður það lagt fram á þessu hausti. Þá er jafnframt unnið að endurskoðun á tekjuöflunarkerfi óbeinna skatta, eins og nánar er greint frá í athugasemdum fjárlaga-frumvarpsins.

2. Peninga- og lánamál.

Stefna ríkisstjórnarinnar í peningamálum hefur beinst að því að koma á jafnvægi á fjármagnsmarkaðnum og gæta aðhalds í útlánum bankakerfisins, þannig að peningamálin verkuðu sem afl í þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að draga úr verðbólgu og ná jafnvægi í utanríkisviðskiptum. Stefnan í peningamálum ásamt ríkisfjármálum er einn grundvallarþáttur efnahagsstefnunnar og ríkisstjórnin leggur höfuðáherslu á að beita þessum hagstjórnartækjum á samstilltan hátt til að draga úr verðbólgu.

Talsverður árangur hefur náðst í peninga- og lánamálum á þessu ári. Fjármagnsmarkaðurinn er nú í betra jafnvægi en um langt árabíl. Í efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar frá síðustu áramótum var mörkuð sú meginstefna, að verðtryggja innlán, sem bundin voru til lengri tíma en 6 mánaða, og samfara minnkandi verðbólgu hefur tekist að verðtryggja flestar tegundir inn- og útlána, þrátt fyrir að vextir hafi tvívegis verið lækkaðir á árinu. Þessi stefna hefur leitt til þess, að sparnaður hefur aukist verulega og innlendir fjármagnsmarkaður styrkst. Gert er ráð fyrir, að hlutfall innlána í innlánsstofnunum af þjóðarframleiðslu hækki í 26,5% á þessu ári úr 23,8% í fyrra. Horfur eru á að þessi þróun haldi áfram á árinu 1982 og hlutfall innlána af þjóðarframleiðslu hækki í 29% og yrði þá herra en verið hefur síðustu 8 árin. Þessi umskipti í peningamálum skapa grundvöll til að styrkja og endurskipuleggja bankakerfið til að fást við fleiri og viðameiri verkefni en áður, um leið og unnt ætti að vera að draga úr erlendum lántökum. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar var að því stefnt sem meginreglu, að greiðslubyrði af erlendum lánum yrði ekki meiri en um 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Þó var við það miðað, að efri mörk erlendra lántöku yrðu ákveðin nánar með hliðsjón af eðli framkvæmda og með tilliti til gjaldeyrisparnaðar og gjaldeyrisöflunar. Horfur eru á, að á þessu ári verði greiðslubyrðin 16—17% af útflutningstekjum, meðal annars vegna hárra vaxta á erlendum lánamörkuðum og mikilla framkvæmda í orku- og samgöngumálum.

Annar meginþáttur peningamálastefnunnar hefur beinst að því að hafa strangt taumhald á útlánum bankakerfisins. Í september á síðasta ári var gripið til sérstakra ráðstafana til að hefta þróun útlána, sem hafði verið ákaflega óhagstæð framan af ári. Auk útlánasamkomulags voru vextir af yfirdráttarlánum innlánsstofnana við Seðlabankann hækkaðir og einnig dagvextir af innlánum þessara stofnana í Seðlabankanum. Þessar ráðstafanir báru allgóðan árangur og batnaði lausafjárstaða innlánsstofnana stórlega á síðustu mánuðum ársins. Það kom hins vegar í ljós í upphafi þessa árs, að viðbótarráðstafana var þörf til að halda útlánaþróun innan marka stefnunnar í efnahagsmálum. Í þessu skyni beitti ríkisstjórnin sér fyrir lagasetningu í lok aprílmánaðar um sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana hjá Seðlabankanum, en með beitingu þeirra ákvæða getur Seðlabankinn dregið úr

útlánagetu innlánsstofnana, þegar ástæða þykir til. Hefur þessu ákvæði verið beitt á undanförunum mánuðum. Í öðru lagi voru vextir af óumsömdum yfirdrætti innlánsstofnana við Seðlabankann hækkaðir úr 4,75% í 5% á mánuði, sem jafngildir nær 80% á ári.

Ljóst er, að útlánastefnan hefur borið góðan árangur í samanburði við fyrra ár. Það er hins vegar nauðsynlegt að benda á, að aukning peningamagns og útlána virðist enn vera talsvert umfram almennar verðlagsbreytingar af margvíslegum ástæðum, meðal annars vegna þeirrar jákvæðu þróunar að sparnaður innan bankakerfisins hefur aukist, eins og áður var nefnt. Peningamálastefna ríkisstjórnarinnar á árinu 1982 verður því enn að beinast að því að halda aftur af þróun helstu peningastærða, þannig að peningamálin styðji þá viðleitni ríkisstjórnarinnar að draga verulega úr verðbólgu. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að efla áætlunargerð um peningamálin með það fyrir augum að auðveldara verði að bregða skjótt við, ef þróunin stefnir í aðra átt en samrýmist stefnunni í efnahagsmálum.

Í gengismálum miðar ríkisstjórnin við, að gengisskráningu verði þannig hagað, að til langs tíma sé viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuveganna sé tryggður og þeirra atvinnugreina, sem eiga í samkeppni við innflutning. Ríkisstjórnin mun jafnframt leggja áherslu á að miða stefnuna í gengismálum við, að gengið verði sem stöðugast á næstu árum.

3. Launa- og lífeyrismál.

Í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá síðustu áramótum var stefnt að því að tryggja kaupmátt launa. Með þeim efnahagsráðstöfunum, er þá voru gerðar, var tekið mið af því, að kaupmáttur launa undir lok ársins yrði ekki lakari en þá var útlit fyrir að yrði að óheftum víxlengi verðlags og launa. Kaupmáttur launa nú er meiri en horfur voru á í lok síðasta árs, áður en gripið var til efnahagsráðstafa um áramót. Þetta hefur orðið, þrátt fyrir takmörkun á verðbótahækkun launa 1. mars síðastliðinn. Ástæðan er sú, að verðbólga hefur verið mun minni en horfur voru á undir lok síðasta árs. Það má rekja til þeirra efnahagsráðstafa, sem ákveðnar voru um áramótin, og einnig hefur hagstæð gengisþróun þegar á heildina er litið, haft umtalsverð áhrif. Hjöðnun verðbólgu hefur þó átt stærstan þátt í því að treysta kaupmátt launa. Á árinu öllu verður kaupmáttur kaupaxta allra launþega líklega um 1% minni en á árinu 1980, en kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verður hins vegar um 1% meiri en á síðasta ári. Við lok þessa árs verður kaupmáttur launa svipaður og að meðaltali á árinu öllu. Eins og áður hefur komið fram, er frekari hjöðnun verðbólgu eitt meginmarkmið efnahagsstefnunnar á næsta ári. Til þess þarf að beita ströngu aðhaldi í ríkisfjármálum, peninga- og lánamálum og fjárfestingarmálum. Slík stefna er hins vegar haldlítill, ef ekki er jafnframt gætt aðhalds í launamálum. Hætt er við, að almenn hækkun grunnlauna muni ekki bæta lífskjör við núverandi aðstæður, en áfram verður að leitast við að tryggja kaupmátt, skapa forsendur fyrir almennri lífskjarabót, jafna lífskjör og tryggja betur hag þeirra, sem lakast eru settir. Ríkisstjórnin er reiðubúin að stuðla að því, eftir því sem aðstæður leyfa. Þetta verður þó aðeins unnt, ef framvinda launamála verður með þeim hætti að samrýmist því markmiði að draga úr verðbólgu.

Á sviði lífeyrismála hafa nú verið samþykkt lög um starfskjör launþega og skyldutryggingu lífeyrisréttinda svo og lög um skráningu lífeyrisréttinda og um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda. Með þessu hefur verið tryggð þátttaka allra starfandi manna í lífeyrissjóðum. Auk þess hafa verið gerðar ýmsar úrbætur í málum lífeyrisþega, svo sem með sérstakri hækkun tekjutryggingar. Með þessu hefur verið unnt að auka kaupmátt lágmarkstekna elli- og örorkulífeyrisþega um 3½% á þessu ári. Þessar og aðrar ráðstafanir hafa mjög bætt kjör þeirra lífeyrisþega, sem ekki njóta fullra réttinda í lífeyrissjóðum. Nú er langt komið undirbúningi að heildarlöggjöf um lífeyrissjóði, þar sem meðal annars verður kveðið á um lágmarksréttindi og skyldur sjóðfélaga. Verður lagt kapp á að ljúka þessu verki sem fyrst.

4. Verðlagsmál.

Í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá áramótum var ákveðið að fylgja mjög aðhaldsamri stefnu í verðlagsmálum á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Þessi ákvörðun var nauðsynlegur þáttur í þeirri heildarstefnu, sem mótuð var í efnahagsmálum á þeim tíma, til að draga úr hraða verðbólgu án þess að skapa atvinnuleysi eða skerða kaupmátt ráðstöfunartekna á árinu frá því, sem orðið hefði án þeirra efnahagsaðgerða, sem þá voru ákveðnar. Að liðnum fyrstu fjórum mánuðum ársins var tekin upp sveigjanlegri stefna í verðlagsmálum og verðhækkanir heimilaðar í samræmi við þá verklagsreglu, að ríkisstjórnin setti ársfjórðungslega meginmarkmið um verðhækkanir. Þessum viðmiðunarmörkum, sem nú eru ákveðin ársfjórðungslega, er ætlað að vera almenn stefnuviðmiðun fyrir meðferð verðlagsmála og tryggja að ekki myndist ósamræmi milli verðlagsstefnu ríkisstjórnarinnar og annarra þátta efnahagsáætlunar hennar.

Það er hins vegar ljóst, að ef ákvarðanir verðlagsyfirvalda eru meira og minna bundnar við fyrirfram ákveðin mörk yfir lengra tímabil, jafnvel þó að um sveigjanlegar meginreglur sé að ræða, er hættu á, að misvægi skapist í efnahagslífinu, vegna þess að atvinnustarfsemi í sífelldri þróun þarfnast mismikilla verðbreytinga. Sveigjanleg stefna í verðlagsmálum er því forsenda heilbrigðrar þróunar atvinnulífs, þegar horft er til lengri tíma. Með þetta í huga var ákveðið, að gildistími laganna um verðlagsaðhald væri einungis til áramóta, og miðað við að færa verðlagskerfið meira í frjálsræðisátt, þegar betra jafnvægi hefði náðst í þjóðarþúskapnum. Í þessu skyni er nú unnið að endurskoðun á verðlagsstefnunni í ljósi efnahagsþróunarinnar á þessu ári og með tilliti til horfa á næstu misserum.

5. Fjárfestingarmál.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 var gert ráð fyrir nokkrum samdrætti fjármunamyndunar og að heildarfjárfesting yrði um 26% af þjóðarframleiðslu. Með þessu var stefnt að því að færa fjármunamyndunina nær heildarsparnaði þjóðarþúskapins og draga úr viðskiptahalla. Jafnframt var lögð sérstök áhersla á orkuframkvæmdir með tilliti til breyttra aðstæðna í orkumálum í heiminum. Eins og nú horfir, virðist fjármunamyndunin sem hlutfall af þjóðarframleiðslu ætla að verða heldur minni en gert var ráð fyrir í áætluninni eða rúmlega 25% af þjóðarframleiðslu.

Á næsta áratug verður stefnt að stóratáki í orkuöflun og iðnaðaruppbyggingu í tengslum við hana. Á næsta ári verður um undirbúningsframkvæmdir að ræða á sama tíma og líður að lokum stórra verkáfangna í orkuframkvæmdum. Orkuframkvæmdir verða því ekki eins miklar á næsta ári og á síðustu árum. Meðal annars af þessum sökum eru horfur á, að fjárfesting verði lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu en verið hefur síðasta áratuginn, eða innan við fjórðungur. Þetta gefur svigrúm til aukningar orku- og iðnaðarframkvæmda á næstu árum án þess að raska um of jafnvægi í utanríkisviðskiptum. Jafnframt ætti sú breyting, sem nú er orðin á ávöxtun sparifjár og lánskjörum, að koma á betra jafnvægi milli sparnaðar og fjárfestingar en áður var. Skilyrði til aukningar orkuframkvæmda án þess að þær raski um of efnahagslegu jafnvægi þjóðarþúskapins ættu því að vera betri nú en áður.

6. Atvinnumál.

Þegar á heildina er litið hefur atvinnuástand verið gott á þessu ári og Ísland er eitt fárra landa, þar sem teljandi atvinnuleysi fyrirfinnst ekki. Í reynd hefur umframeftirspurn eftir vinnuafla verið stærra vandamál hér á landi en skortur á atvinnu á undanförunum árum, einkum á vissum tímum ársins og í ákveðnum atvinnugreinum. Til þess að bregðast við þessum vanda er nauðsynlegt að skipuleggja framkvæmdir markvissara en áður og lengra fram í tímann, þannig að unnt verði að laga þær betur að atvinnuástandi hverju sinni. Þessu markmiði verður ekki náð, nema bæta upplýsingaöflun um vinnumarkaðinn, sérstaklega

virðist skorta haldgóða vitneskju um eftirspurnarástand á vinnumarkaðnum og er brýnt að bæta úr því.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á aukna upplýsingaöflun og eftirlit með atvinnuástandi og horfum í öllum greinum atvinnulífsins, bæði er varðar hugsanlegt atvinnuleysi og eins ofpenslu á vinnumarkaði. Í samræmi við þetta ákvæði koma fulltrúar Þjóðhagsstofnunar, Vinnumáladeildar félagsmálaráðuneytisins og Kjararannsóknarnefndar til reglubundinna mánaðarlegra funda, þar sem farið er yfir atvinnubrúun og horfur í þeim efnum metnar. Þetta er skref í rétta átt, en ljóst er að endurbæta þarf upplýsingagrundvöllinn, þannig að mat á atvinnuástandi sé ekki háð eins mörgum óvissuþáttum og nú er.

Forsenda nærgrar og öruggrar atvinnu fyrir vaxandi fjölda fólks er traust og þróttmikið atvinnulíf. Staða atvinnuveganna verður best styrkt með því að auka framleiðni, hagræðingu og draga úr innlendum kostnaði. Viðfangsefnin eru mörg í þessu efni og á þetta við um allar greinar atvinnulífsins.

Í sjávarútvegi er brýnasta verkefnið að samræma betur fiskveiðar og fiskvinnslu og endurbæta þær stjórnunaraðferðir sem nú eru notaðar í sambandi við fiskveiðistefnuna. Einnig er nauðsynlegt að bregðast við þeim vanda, sem er afleiðing af stórfelldum breytingum í alþjóðaeftahagsmálum og versnandi samkeppnisstöðu íslenskra fiskframleiðenda á Bandaríkjamarkaði. Í þessu skyni verður að tryggja aðlögun fiskvinnslunnar að breyttum aðstæðum um leið og gera þarf átak í markaðs- og sölumálum.

Í samráði við samtök bænda þarf að vinna áfram að þeirri stefnu í landbúnaðarmálum að samræma sem best framleiðslu og innanlandsneyslu, efla nýjar búgreinar og auka fjölbreytni í framleiðslu. Eins og komið hefur fram hér að framan er stefnt að mikilli uppbyggingu í iðnaðar- og orkumálum. Auk þess þarf að jafna starfsskilyrði atvinnuveganna, en nefnd sem unnið hefur að þessum málum, hefur nú skilað áfangaskýrslu til ríkisstjórnarinnar.

III.

Framvinda efnahagsmála 1981 og horfur 1982.

Framvindan 1981.

Samkvæmt fyrirbyggjandi spám fyrir árið 1981 er talið líklegt, að þjóðarframleiðslan vaxi um rösklega 1%. Viðskiptakjör hafa farið batnandi á þessu ári og horfur eru á að þau reynist að meðaltali 1½—2% betri en í fyrra. Þessi bati eykur vöxt þjóðartekna umfram vöxt þjóðarframleiðslu um nær 1% og þjóðartekjur ykjust því um 2% frá fyrra ári. Samkvæmt þessu yrði þjóðarframleiðsla á mann svipuð og á árinu 1980 en þjóðartekjur á mann ykjust um 1%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna er talinn verða um 1% meiri á mann en á árinu 1980.

**Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur á mann,
viðskiptakjör og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann 1975—1981.**

Vísitölur 1970 = 100

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	Spá 1981
Þjóðarframleiðsla á mann							
Vísitölur	122	124	130	135	138	140	140
Breyting frá fyrra ári, %	-3,3	1,6	5,2	3,6	1,9	1,6	0,2
Viðskiptakjör							
Vísitölur	98	110	119	119	108	105	107
Breyting frá fyrra ári, %	-16,0	11,9	8,7	0,2	-9,2	-3,4	1,8
Þjóðartekjur á mann							
Vísitölur	121	128	138	143	140	140	142
Breyting frá fyrra ári, %	-7,0	5,0	8,1	3,6	-2,1	0,4	1,0
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann							
Vísitölur	130	133	149	161	164	162	164
Breyting frá fyrra ári, %	-11,2	2,0	12,5	8,0	1,6	-1,2	1,0

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

1. Utanríkisviðskipti.

Fyrstu átta mánuði þessa árs varð heildaraflinn, metinn á föstu verðlagi, mjög áþekkur því sem hann var á sama tíma í fyrra. Botnfiskaflinn var þó sýnu meiri en í fyrra en loðnuafllinn innan við helmingur þess sem hann var tímabilið janúar—ágúst 1980. Horfur eru nú á, að árið allt verði þorskaflinn um 450 þúsund tonn samanborið við 426 þúsund tonn árið 1980. Annar botnfiskaflí er einnig talinn verða nokkru meiri en í fyrra. Sé miðað við, að loðnuafllinn á haustverði verði svipaður og í fyrra og að fullu verði veitt upp í þann síldar-kvóta, sem ákveðinn hefur verið, má ætla að sjávarafurðaframleiðslan verði um 2½% meiri en á árinu 1980. Allmiklar breytingar hafa orðið á samsetningu sjávarafurðaframleiðslunnar á þessu ári, bæði af völdum breytinga á markaðsaðstæðum og markaðsverði og breytinga á afla. Sé miðað við tölur um útflutning og birgðabreytingar fyrstu átta mánuði ársins, sýnist líklegt, að framleiðsla frystiafurða verði nokkru minni en í fyrra og mjöl- og lýsisframleiðslan mun minni, en á hinn bóginn hefur saltfiskverkun og skreiðarverkun aukist að mun á þessu ári. Útflutningur sjávarafurða hefur yfirleitt gengið allvel á þessu ári og birgðahald verið með eðlilegum hætti, en birgðir af saltfiski og skreið hafa verið með mesta móti svo sem búast má við í kjölfar ört vaxandi framleiðslu. Í spám fyrir árið 1981 er nú gert ráð fyrir, að birgðir sjávarafurða verði í árslok meiri en í ársbyrjun vegna mikillar aukningar í skreiðarverkun og þar sem birgðir af frystum karfa hafa safnast fyrir. Ekki er þó fullvíst, að afskipanir, einkum á skreið, verði jafnörar síðustu mánuði ársins og hér er gert ráð fyrir, en það hefði í för með sér að útflutningstölur yrðu að sama skapi lægri en spáin sýnir.

Fyrstu mánuði ársins var dregið verulega úr framleiðslu áls og kísiljárns vegna raforkuskorts og framleiðslan á árinu verður því töluvert minni en nemur fullum afköstum verk-smiðjanna. Á hinn bóginn hefur lægð í efnahagslífi í Evrópuríkjum valdið miklum samdrætti í eftirspurn eftir þessum málum svo og verulegri verðlækkun. Sala kísiljárns hefur þó gengið vel en birgðir hafa safnast fyrir hjá álverksmiðjunni. Samkvæmt þeim áætlunum er fyrir lágu er spáin um útflutningsframleiðsluna var gerð, er reiknað með að álframleiðslan verði 1% meiri en í fyrra. Jafnframt er í spánni gert ráð fyrir svipuðum útflutningi og nemur ársframleiðslunni, en nýjar upplýsingar benda hins vegar til þess, að útflutningshorfur séu nú verri en áður var talið og því verði um nokkra birgðasöfnun að ræða. Framleiðsla kísiljárns

er áætluð þriðjungi meiri en í fyrra og reiknað er með að útflutningur gangi greiðlega. Annar útflutningur er hins vegar talinn verða heldur minni en á árinu 1980. Í heild er útflutningsframléiðslan talin aukast um nær 3% á þessu ári og ef ekki kemur til meiriháttar birgðasöfnunar á skreið eða áli gæti útflutningur aukist nokkru meira eða um 3½%. Þessar horfur eru þó ótryggar og eins og jafnan kann raunar að skipta tölurverðu máli í þessu sambandi hvoru megin áramóta afskipanir lenda.

Viðskiptakjörin á fyrri helmingi ársins voru 1,3% betri en að meðaltali á árinu 1980. Viðskiptakjarabatinn stafar af hækkun á gengi dollars gagnvart Evrópumyntum og verðhækkun í dollurum á nokkrum mikilvægum sjávarafurðum. Breytingar útflutningsverðs eru hins vegar mjög mismunandi og á fyrri árshelmingi kom fram veruleg hækkun í dollurum á saltfiski og einnig nokkur á skreið og mjöli og lýsi, en meðalverð frystiafurða var ívið lægra en það var að meðaltali 1980. Síðustu mánuðina hefur mjöl og lýsisverð hins vegar lækkað mikið og sama máli gegnir um verð á saltsíld. Jafnframt hefur dollarverð á saltfiski og skreið lækkað heldur. Á þessu ári hefur orðið mikil lækun á verði áls, kísilgúrs og kísiljárns svo og á verði ýmissa iðnaðarvara. Innflutningsverð breyttist lítið fyrstu mánuði ársins en fór síðan ört hækkandi. Olíuverð á Rotterdammarkaði hefur lengst af á þessu ári verið lágt að tiltölu við heimsmarkaðsverð á hráolíu. Verðið er hins vegar í dollurum og vegna gengishækkunar hans hækkar olíuverð í krónum að líkindum meira en annað innflutningsverð. Fyrir árið allt er því nú spáð, að útflutningsverð hækki um 10% miðað við fast meðalgengi en innflutningsverð um 8% og viðskiptakjörin verði því 1½—2% betri en á árinu 1980.

Próun vöruinnflutnings hefur verið nokkuð sveiflukennnd á þessu ári. Innflutningur var fremur lítill tvo fyrstu mánuði ársins en óx svo hröðum skrefum fram til júní. Eftir það hefur dregið úr aukningunni og er þess að vænta að framhald verði á því næstu mánuði. Fyrstu átta mánuði ársins varð vöruinnflutningurinn 1,2% meiri en á sama tíma í fyrra, sé reiknað á föstu gengi. Sérstakur innflutningur fjárfestingarvöru og rekstrarvöru varð þá fimmtungi minni en í fyrra en almennur vöruinnflutningur um 5% meiri en fyrstu átta mánuði ársins 1980. Hafði olíuinnflutningur dregist saman um 17% en annar almennur vöruinnflutningur aukist um 11%. Fyrir árið allt er nú gert ráð fyrir, að vöruinnflutningur í heild aukist um ½% að raungildi. Innflutningur skipa og flugvéla og til stóriðjuvera verður minni en í fyrra en horfur eru hins vegar taldar á 1% aukningu almenns vöruinnflutnings. Er olíuinnflutningur talinn dragast saman um 9% að raungildi en spáð nær 4% aukningu annars almenns vöruinnflutnings.

Niðurstöður spánna um útflutning og innflutning eru þær, að vöruútflutningur aukist um 3,5% að magni og útflutningsverð á föstu gengi hækki um 10%. Í krónum talið gæti verðbreytingin þá orðið um 49% vegna lækunar á gengi krónunnar. Vöruútflutningurinn næmi samkvæmt þessu 6 870 milljónum króna. Vöruinnflutningurinn yrði samkvæmt spánni samtals 6 350 milljónir króna og þá gert ráð fyrir 0,6% magnaukningu, 8% verðhækkun á föstu gengi og rösklega 46% verðbreytingu í krónum. Samkvæmt spánni yrði því afgangur á vöruskiptajöfnuði sem næmi 520 milljónum króna eða um 2½% af þjóðarframléiðslu samborið við um 1% afgang á árinu 1980. Hér þarf hins vegar að hafa í huga að birgðasöfnun útflutningsvöru kann að reynast meiri en hér er reiknað með, eins og áður er um rætt, og vöruskiptaafgangurinn því orðið minni en ella.

Áætlað er, að tölurverður halli hafi orðið á þjónustuviðskiptum á fyrri hluta ársins. Fyrir árið allt er nú búist við, að um 620 milljón króna halli verði á þjónustujöfnuði eða sem nemur 3% af þjóðarframléiðslu samborið við um 3½% halla á árinu 1980. Meginástæður hallans eru sem fyrr auknar vaxtagreiðslur af erlendum skuldum, bæði vegna mjög hárra vaxta á alþjóðalánamarkaði og hækkunar erlendra lána, halli á samgöngureikningi og tölurverð útgjöld vegna utanferða umfram tekjur af erlendum ferðamönnum.

Samkvæmt þeim spám, sem hér hafa verið raktar, verður halli á viðskiptajöfnuðinum við útlönd sem nemur 100 milljónum króna. Þetta er um ½% af þjóðarframléiðslu en á

árinu 1980 var viðskiptahalli nær 2½% af þjóðarframleiðslu þess árs. Áætlað er, að nýjar lántökur til langs tíma umfram afborganir eldri lána nemi 1 035 milljónum króna og er þetta svipuð skuldaaukning og í fyrra. Vegna útstreymis á öðrum fjármagnsliðum í heild er fjármagnsjöfnuður alls áætlaður hagstæður um 500 milljónir króna. Þar af ganga 100 milljónir til að mæta viðskiptahallanum en gjaldeyrisstaðan batnar um 400 milljónir króna. Greiðslubyrði af erlendum lánnum er áætluð svara til 16—17% af útflutningstekjum á árinu 1981 samanborið við 14,1% á árinu 1980.

2. Þjóðarútgjöld.

Áætlanir um kaupmátt ráðstöfunartekna einstaklinga benda til nokkurrar aukningar einkaneyslu á árinu 1981. Hið sama gildir um tölur um útgjöld og söluskattsveltu en þær hafa raunar sýnt mjög mismiklar breytingar á þessu ári. Samkvæmt innheimtutölum ríkisbókhalds virðist velta söluskattskyldrar vöru og þjónustu fyrstu sjö mánuði ársins hafa orðið um 3% meiri að raungildi en á sama tíma í fyrra. Innflutningur neysluvöru á fyrri helmingi ársins varð um 2% meiri en í sömu mánuðum á síðastliðnu ári. Sala gasolíu til húshitunar hefur dregist töluvert saman á árinu en bensínsala aukist nokkuð. Almenn raforkunotkun jókst um 6% á fyrri hluta ársins og reikna má með að notkun hitaveitu hafi aukist að mun. Sala áfengis það sem af er árinu hefur verið heldur minni en í fyrra en tóbakssala hefur aukist. Sala mjólkurafurða hefur loks verið álíka mikil og í fyrra. Miðað við þessar vísbendingar og á grundvelli áætlana um kaupmátt ráðstöfunartekna er nú gert ráð fyrir, að einkaneysla aukist um 2% í heild á þessu ári. Jafnframt er reiknað með um 2% aukningu samneyslu.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er gerð ítarleg grein fyrir fjárfestingarspá fyrir þetta ár. Í heild er því spáð, að fjármunamyndunin verði um 4% minni að raungildi í ár en í fyrra. Þar af er gert ráð fyrir að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 8%, íbúðabyggingar verði um 5% minni en í fyrra en opinberar framkvæmdir um 1% meiri. Orkuframkvæmdir voru auknar mjög mikið á árinu 1980 og eru í ár taldar verða álíka miklar að vöxtum og í fyrra.

Spánnar um þjóðarútgjöld, sem hér hafa verið raktar, fela í sér, að neysla og fjármunamyndun aukist samtals um ½% á árinu 1981. Samkvæmt spánni er ekki gert ráð fyrir verulegum birgðabreytingum á árinu en nokkurrar birgðasöfnunar gætti hins vegar á síðastliðnu ári.

Í þessu felst að í spánni fyrir árið 1981 eru þjóðarútgjöldin að meðtöldum birgðabreytingum talin verða svipuð að raungildi og á árinu 1980.

3. Atvinna.

Þegar á heildina er litið, verður varla annað sagt en atvinnuástandið sé almennt gott um þessar mundir. Fyrstu átta mánuði þessa árs voru að meðaltali 413 manns skráðir atvinnulausir á landinu öllu samanborið við 341 á sama tíma í fyrra og 429 árið 1979. Þetta svarar til 0,4% af heildarmannafla á þessu ári, samanborið við 0,3% í fyrra og 0,4% á árinu 1979. Þegar atvinnuleysisskráningin eftir mánuðum er athuguð, kemur í ljós, að fyrstu mánuðir þessa árs eru venju fremur erfiðir og skráð atvinnuleysi með mesta móti samanborið við undanfarin ár. Orsakir þessa má vafalaust að mestu rekja til slæms tíðarfars og gæftaleysis, sem leiddi til samdráttar í byggingarstarfsemi og fiskvinnslu víða um landið. Á hinn bóginn snerist þessi þróun við, þegar líða tók á sumarið, og var skráð atvinnuleysi þá svipað og á undanförunum árum. Þó hefur gætt nokkurra staðbundinna erfiðleika umfram það, sem áður var, til dæmis á Akureyri. Þess ber að vísu að gæta, að frá og með júlímánuði síðastliðnum eru tölur um skráð atvinnuleysi ekki með öllu sambærilegar við tölur fyrri ára, þar sem reglum um atvinnuleysisskráningu hefur verið breytt og eru rýmri en áður. Má ætla, að þessar breytingar einar sér fjölgi skráðum atvinnuleysisdögum töluvert. Samanburður á

skráðum atvinnuleysisdögum síðari hluta þessa árs og tölum fyrri ára er því ekki einhlítur mælikvarði á breytingar á atvinnuástandinu.

Upplýsingar um breytingar á vinnutíma einstakra atvinnustétta á árinu 1981 eru enn af skornum skammti, en tölur um fyrsta fjórðung þessa árs benda ekki til verulegra breytinga frá sama tíma 1980, þegar á heildina er lítið. Tölurnar sýna á hinn bóginn, að vinnutími verkamanna á höfuðborgarsvæðinu hefur lengst nokkuð, eða sem nemur 2 stundum á viku, en vinnutími verkamanna utan höfuðborgarsvæðisins hefur styst að sama skapi.

4. Verðlag og tekjur.

Horfur eru á, að verðbólgan, mæld frá upphafi til loka árs á mælikvarða framfærsluvísitölunnar, verði um 40%, eins og að var stefnt í efnahagsáætlun ríkisstjórnarinnar frá áramótum. Verðbólgan hefur því hjaðnað verulega á þessu ári. Í febrúar sl. hafði vísitala framfærslukostnaðar hækkað um 58% frá sama tíma árið áður, frá maí 1980 til maí á þessu ári um 51% og í ágúst var vísitalan 49% hærri en í sama mánuði árið áður. Svipaðrar þróunar gætir þegar lítið er til annarra vísitalna.

Tekjur, verðlag, kaupmáttur 1975—1981. Vísitölur 1970 = 100.

	1975	1976	1977	1978	1979	1980	Spá 1981
Tekjur:							
Kauptaxtar launþega	348	436	636	985	1 420	2 143	3 177
Ráðstöfunartekjur einstaklinga á mann	422	560	826	1 284	1 918	2 961	4 486
Verðlag:							
Vísitala framfærslukostnaðar	306	404	527	759	1 104	1 751	2 627
Vísitala byggingarkostnaðar	378	467	607	893	1 313	2 043	3 065
Kaupmáttur:							
Kaupmáttur kaupaxta ¹⁾	114	108	121	130	129	122	121
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann ²⁾	130	133	149	161	164	162	164
Meðalbreyting frá fyrra ári, %							
Kauptaxtar	27,1	25,4	45,8	55,0	44,1	50,8	48,2
Ráðstöfunartekjur á mann	32,3	32,7	47,5	55,5	49,4	54,4	51,5
Vísitala framfærslukostnaðar	49,0	32,2	30,4	44,1	45,5	58,5	50,0
Vísitala byggingarkostnaðar	42,1	23,5	30,0	47,2	47,0	55,6	50,0
Kaupmáttur kaupaxta	-14,7	-5,1	11,8	7,6	-1,0	-4,9	-1,2
Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann	-11,2	2,0	12,5	8,0	1,6	-1,2	1,0

1) Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.

2) Miðað við verðlag einkaneyzlu.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Kauptaxtar launþega hækkuðu almennt í kjarasamningum undir lok síðastliðins árs en hafa á þessu ári breyst með verðbótahækkun launa. Verðbótahækkun launa nam 5,95% 1. mars. Verðbætur hafa síðan hækkað sem næst eins og framfærsluvísitala, eða um 8,10% 1. júní og 8,92% 1. september. Kauptaxtar gætu að meðaltali orðið rösklega 48% hærri á þessu ári en á árinu 1980. Er þá ekki tekið tillit til hugsanlegra áhrifa nýrra kjarasamninga, en samningar stéttarféлага innan ASÍ eru lausir frá 1. nóvember næstkomandi.

Upplýsingar um þróun tekna á fyrsta fjórðungi ársins og vísbendingar um atvinnu og vinnutíma það sem af er árinu gefa til kynna, að atvinnutekjur aukist meira en nemur hækkun kaupaxta á árinu og sama máli gegnir um aðrar tekjur. Endanlegar tölur um álagningu beinna skatta og fyllri upplýsingar en áður um tekjur ársins 1980 benda til að skattbyrði hafi á því ári verið svipuð og árið 1979 en áður var talið að hún hefði þungst

nokkuð. Áætlanir um endanlega álagningu í ár og heildartekjur bendir til þess, að skattbyrði verði í heild svipuð og í fyrra, en skattbyrði hefur lést á lágum tekjum en þyngst á háum tekjum. Í heild er áætlað, að ráðstöfunartekjur einstaklinga verði á þessu ári um 51—52% meiri á mann en á árinu 1980. Kaupmáttur ráðstöfunartekna yrði samkvæmt þessu og miðað við áætlaða hækkun framfærsluvísitölu um 1% meiri í ár en í fyrra.

5. Ríkisfjármál og peningamál.

Í fjárlögum ársins var gert ráð fyrir, að innheimtar tekjur yrðu 57 milljónum króna umfram útlögð gjöld eða sem svaraði 1% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu. Greiðsluafgangur var áætlaður 127 milljónir króna og áformað að honum yrði að mestu varið til að greiða niður skuld ríkissjóðs við Seðlabankann. Horfur eru á að þetta takist og ríkisreksturinn verði í viðunandi jafnvægi á árinu 1981.

Tölur ríkisbókhalds um innheimtar tekjur og útlögð gjöld á rekstrarreikningi ríkissjóðs, A-hluta, hafa það sem af er árinu sýnt fremur lítinn rekstrarhalla. Hallinn hefur þó verið heldur meiri en í fyrra en bæði þessi ár sýna mun hagstæðari útkomu en árin næstu á undan. Í lok september nam rekstrarhallinn frá áramótum 62 milljónum króna eða 1,5% af tekjum ríkissjóðs á þessum tíma samanborið við um 1% á sama tíma í fyrra en um 5% að meðaltali árin 1976—1979.

Fyrstu níu mánuði ársins voru innheimtar tekjur 60% meiri en á sama tíma í fyrra, en sú aukning er 5—6% umfram meðalhækkun framfærsluvísitölu milli þessara tveggja tímabila. Útgjöld höfðu aukist nokkru meira en tekjur, 61%, eða um 6% umfram verðlagshækkun. Í tekjuaukningunni vegur söluskattur þyngst, en innheimta hans var 66% meiri en í fyrra, en í útgjaldaaukningunni fer mest fyrir 77% aukningu útgjalda til tryggingamála.

Tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs, A-hluta, (án lánahreyfinga við Seðlabankann) sýna svipaða mynd og niðurstöður rekstrarreiknings af framvindu ríkisfjármálanna í ár í samanburði við síðastliðið ár. Í september var greiðsluafkoma ríkissjóðs frá áramótum óhagstæð um 27 milljónir króna. Þetta er 0,7% af tekjum en sambærilegt hlutfall var 1,3% í lok september á síðastliðnu ári.

Á tólf mánuðum til ágústloka jókst peningamagn og sparifé um nær 86% þegar með eru taldir áfallnir vextir innlána. Aukning útlána frá innlánsstofnunum var um 64% á sama tímabili. Í lok ágúst var lausafjárstaða innlánsstofnana jákvæð um 186 milljónir króna, en neikvæð um 138 milljónir króna fyrir ári síðan og hafði því batnað um 324 milljónir króna. Gjalddeyrisstaða bankanna var um 1 650 milljónir króna í ágústlok og hafði batnað á heilu ári um 600 milljónir króna, þegar frá er talin hækkun stöðunnar í krónum vegna gengisuppfærslu.

Aukning innlána síðustu 12 mánuði hefur verið meiri en dæmi eru um á heilu ári. Eins er um útlán. Erlendar lántökur hafa stuðlað að aukningu peningamagns. Á tólf mánuðum til júníloka jukust löng erlend lán um 70%, en þá er meðtalin hækkun þeirra vegna gengisbreytinga. Við mikið peningaframboð vegna gjalddeyrisviðskipta bættust árstíðabundnar hreyfingar í greiðsluafkomu ríkissjóðs og afurðalánum Seðlabankans á fyrri hluta ársins. Skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana við Seðlabankann, sem námu 314 milljónum króna í ársbyrjun, jukust um 234 milljónir króna á fyrsta þriðjungi ársins en lækkuðu um 209 milljónir króna á öðrum þriðjungi og voru í ágústlok orðnar 339 milljónir króna. Sveiflan innan ársins var nú öllu meiri en í fyrra. Endurkaup Seðlabankans jukust um 20% á fyrstu átta mánuðum ársins og á tólf mánuðum til ágústloka nam aukningin um 62%.

Vextir hafa verið lækkaðir tvívegis á árinu með þeirri undantekningu þó að vextir almennra skuldabréfa hækkuðu úr 38% í 40% á ári og mynda nú sameiginlegan vaxtaflokk með skuldabréfum sem áður nefndust vaxtaaukaútlán. Stefnt hefur verið að því að verðtryggja útlán og sparifé og hefur því marki verið náð fyrir flestar tegundir inn- og útlána. Svo

dæmi sé tekið af innlánnum bundnum í 12 mánuði má sjá að meðalvextir þeirra á heilu ári til júliloka voru 45,6% samanborið við 49,2% hækkun framfærsluvísitölu á sama tímabili. Raunvextir miðað við þessa vísitölu teljast því hafa verið -2,4% og hafa þeir ekki verið hærri á þessum flokki innlána síðan árið 1972. Í ágúst mánuði var verðbólguþrátt metið 40,2% og var þá að venju byggt á verðlagshækkunum síðustu 6 mánuði og áætlun fyrir næsta hálfu árið. Við þetta verðbólguþrátt eru raunvextir 1,9% á 12 mánaða sparifjárreikningum, 0,2% á 3ja mánaða reikningum og 2,7% á skuldabréfalánum svo dæmi séu tekin. Fyrir tveim árum voru sambærilegar tölur á bilinu -24% til -14% svo sjá má að hér er veruleg breyting á orðin, sem stuðlar að aukinni sparifjármyndun, enda þykir nú ljóst, að innlán muni aukast á þessu ári mun örvar en tekjur og verðlag.

Allt bendir til þess að útlánaaukning innlánsstofnana á árinu verði meiri en nemur verðlags- og tekjubreytingum, enda hefur útlánageta bankanna aukist samfara auknum innlánnum. Ýmsar ráðstafanir hafa þó verið gerðar til að draga úr aukningu útlána viðskiptabankanna. Í lok aprílmánaðar sl. beitti ríkisstjórnin sér fyrir lagasetningu um sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana hjá Seðlabankanum, lög nr. 12/1981. Með beitingu þessara lagaákvæða getur Seðlabankinn dregið úr útlánagetu innlánsstofnana, ef ástæða þykir til. Í júnímánuði nýtti Seðlabankinn sér heimild þessara laga með því að binda 2% heildarinnlána á sérstökum reikningi í Seðlabankanum hinn 10. júní sl. Hlutfallið var hækkað í 3% hinn 10. júlí og í 5% 10. ágúst og var bundna fjárhæðin þá komin í um 230 milljónir króna. Hinn 25. september var hlutfallið lækkað í 3% en hækkað á ný í 5% hinn 10. október. Í öðru lagi breyttust vextir af óumsömdum yfirdrætti innlánsstofnana á viðskiptareikningum við Seðlabanka úr 4,75% í 5% á mánuði, sem svarar til nær 80% á ári. Loks hefur viðskiptaböndum og stærstu sparisjóðum verið gefinn kostur á skammtíma (15 daga) víxillánum frá Seðlabanka upp að vissum mörkum til þess að mæta venjulegum sveiflum lausafjárstöðunnar.

Nokkrar peningastærðir 1975—1980.
Breytingar frá upphafi til loka árs í %.

	1975	1976	1977	1978	1979	1980
Heildarinnlán innlánsstofnana	29,0	32,8	42,9	49,5	58,1	67,1
Veltinnlán	40,0	19,3	44,2	40,1	52,4	69,6
Almenn spariinnlán	28,3	25,7	40,1	43,2	49,3	65,5
Bundin innlán	20,9	61,9	46,8	63,0	70,9	65,0
Heildarútlán innlánsstofnana	22,4	26,2	42,5	39,9	58,0	57,6
Endurseld útlán	52,2	27,8	65,5	50,0	47,8	69,0
Önnur lán	15,9	25,8	35,8	36,3	62,0	53,5
Peningamagn og sparifé (M3)	29,0	32,5	44,0	48,8	55,9	65,4
Peningamagn og almennt sparifé (M2)	31,5	24,1	42,9	43,4	49,4	65,5
Peningamagn (M1)	36,9	21,7	47,5	40,1	45,8	63,5
Seðlar og mynt í umferð	28,5	28,7	56,5	40,1	29,4	39,6
Grunnfé Seðlabankans	34,2	36,3	55,0	55,3	47,7	75,4
Til samanburðar:						
Breytingar verðlags	40,2	30,5	36,2	42,7	60,1	58,7

Heimild: Seðlabanki Íslands.

6. Framleiðsla og hagur atvinnuvega.

Sjávarútvegur.

Nú eru horfur á að framleiðsla sjávarafurða í heild verði nær 3% meiri en á síðasta ári. Þorskafla verður líklega nokkru meiri en í fyrra og bætir það hag útgerðarinnar frá því sem ella hefði verið. Afkoma útgerðar er þó afar misjöfn og á það einkum við um togarafлотann.

Afkoma stærri togaranna hefur verið erfið á þessu ári og sama gildir einnig um hluta minni togaranna, einkum nýrri skipin, sem bera mikinn fjármagnskostnað, miðað við eldri skip.

Afkoma botnfiskvinnslu í heild hefur líklega ekki verið lakari á þessu ári en nokkur undanfarin ár en afkoma einstakra greina er mjög misjöfn. Þessu veldur mismunandi þróun markaðsverðs auk þess sem gengisþróun á erlendum gjaldeyrismörkuðum kemur mjög misjafnt niður á einstökum greinum. Þetta hefur aftur áhrif á framleiðslu greinanna, sem enn eykur á muninn milli þeirra.

Verð á frystum flökum á Bandaríkjamarkaði hækkaði talsvert á árinu, en hins vegar hefur verð á fiskblokk lækkað. Einnig hefur lækkun á gengi sterlingspunds rýrt tekjur af útflutningi til Bretlands, sem hefur farið vaxandi undanfarin ár. Framleiðsla frystra afurða hefur dregist talsvert saman á árinu auk þess sem samsetning framleiðslunnar hefur verið óhagstæðari en síðustu árin. Við þetta bætist svo birgðasöfnun á karfaflökum fyrir Rússlandsmarkað. Allt þetta veikir stöðu frystingar þannig að hún hefur verið rekin með halla á árinu, þrátt fyrir verðhækkun á flökum á Bandaríkjamarkaði og hækkun á gengi dollars.

Afkoma saltfiskverkunar var góð á síðustu vetrarvertíð, sem er aðalframleiðslutími ársins. Verð á saltfiski hækkaði verulega frá fyrra ári auk þess sem hækkun á gengi dollars kemur greininni til góða. Saltfiskframleiðslan hefur aukist talsvert á þessu ári. Að undanfögnu hefur hins vegar gætt nokkurrar verðlækkunar á saltfiski. Afkomuhorfur eru því óvissar um þessar mundir en samningar um sölu á saltfiski á næstu vetrarvertíð munu ráða úrslitum um afkomu greinarinnar á næsta ári. Þar verður að hafa í huga, að gengi mynta helstu viðskiptalanda gagnvart dollar hefur lækkað verulega á árinu og getur það haft áhrif á verðþróunina.

Afkoma skreiðarverkunar hefur einnig verið góð á árinu og framleiðsla mun meiri en í fyrra. Skreiðarverð, sem ákveðið er í dollurum, hefur nú lækkað frá því sem það var fyrr á árinu, og afkomuhorfur í greininni eru því óvissar.

Hagur loðnuveiða og -vinnslu hefur versnað mjög á þessu ári. Afkoman var góð í lok síðasta árs, er markaðsverð á mjöli og lýsi hækkaði. Á þessu ári hefur markaðsverð í dollurum hins vegar lækkað verulega. Mjöl og lýsi er einkum selt á Evrópumarkað, þótt verðið sé skráð í dollurum. Gengishækkun dollars gagnvart Evrópumyntum hefur því fljótt áhrif á dollarverðið til lækkunar. Auk þessa hefur eftirspurn eftir mjöli farið minnkandi. Við þessa óhagstæðu markaðsþróun bætist síðan minni afli á þessu ári en undanfarin ár. Allt þetta gjörbreytir rekstrarstöðu loðnuveiðanna og -vinnslunnar frá því sem verið hefur undanfarin ár. Framan af ári var unnt að mæta þessum erfiðleikum að nokkru með greiðslum úr Verðjöfnunarsjóði, en innstæða loðnudeildar er nú þrotin.

Aðrar greinar sjávarútvegs, svo sem síldarsöltun, hafa einnig þurft að mæta lækkun afurðaverðs í dollurum á þessu ári.

Aðrar greinar.

Álframleiðsla verður svipuð á þessu ári og í fyrra en veruleg aukning verður í kísiljárnframleiðslu. Fyrstu mánuði ársins virtist framleiðsla í öðrum iðnaði heldur minni en á sama tíma í fyrra en á öðrum ársfjórðungi virðist um aukningu að ræða. Nú eru horfur á, að iðnaðarframleiðslan í heild verði um 1—2% meiri á þessu ári en í fyrra.

Útflutningur áls frá ársbyrjun til ágústloka var talsvert minni en á sama tíma í fyrra og birgðir hafa því aukist. Útflutningur kísiljárnshafur hins vegar aukist nokkurn veginn í hátt við framleiðsluaukninguna. Það sem af er árinu hefur útflutningur annarrar iðnaðarvöru verið svipaður eða ívið meiri en á sama tíma í fyrra. Iðnaðarvörur eru einkum fluttar út til Evrópulanda og lækkun Evrópumynta gagnvart dollar hefur því haft neikvæð áhrif á afkomu þessara greina.

Mjólkurframleiðsla var 7% minni á fyrri hluta þessa árs en á sama tíma í fyrra, en

samdrátturinn verður þó líklega minni á síðari hluta ársins, þar sem hans var þegar farið að gæta um og eftir mitt ár í fyrra. Mjólkurframleiðslan gæti orðið 4—5% minni en í fyrra en landbúnaðarframleiðslan í heild gæti dregist saman um 2%.

Horfur 1982.

7. Útflutningsframleiðsla.

Útflutningsframleiðsla jókst mjög mikið á síðasta áratug eða að meðaltali um 8% á ári. Sjávarafurðaframleiðslan jókst um rúmlega 7% að meðaltali á ári og önnur framleiðsla til útflutnings jókst einnig verulega, meðal annars vegna stækkunar álverksmiðju og tilkomu kísiljárnframleiðslu. Á árinu 1981 verður aukning útflutningsframleiðslunnar talsvert undir meðaltali síðasta áratugs, þrátt fyrir meiri þorskafli en í fyrra og aukningu kísiljárnframleiðslu. Loðnuafli verður á hinn bóginn mun minni en í fyrra og engin aukning verður í álframleiðslu.

Ekki er reiknað með að afli aukist á næsta ári. Þótt vonir standi til, að loðnuafli geti farið vaxandi á ný á næstu árum, er ekki unnt að reikna með því þegar á næsta ári. Þjóðhagsspá fyrir árið 1982 miðast við nokkurn veginn óbreyttan afla frá því sem er á þessu ári. Á hinn bóginn gæti framleiðsluverðmæti sjávarafurða á föstu verðlagi aukist lítilsháttar, e. t. v. um 2%, en undanfarin ár hefur framleiðsluverðmæti aukist heldur meira en beinar aflatölur gefa til kynna. Nýting sjávarafla hefur þannig batnað nokkuð, þegar litið er á heildartölur, þótt erfitt sé að meta það fyrir einstakar greinar.

Á næsta ári munu álverksmiðjan og járnblendiverksmiðjan fá nægilegt rafmagn til þess að geta starfað með fullum afköstum. Álframleiðsla yrði þá 15% meiri en á þessu ári og kísiljárnframleiðsla rúmlega þriðjungi meiri. Það mun hins vegar ráðast af markaðsaðstæðum, hvort unnt verður að starfrækja verksmiðjurnar með fullum afköstum allt árið. Önnur útflutningsframleiðsla gæti einnig aukist nokkuð, en það fer þó eftir möguleikum ullar- og skinnaiðnaðar til þess að auka útflutning við þær erfiðu markaðsaðstæður, sem nú ríkja.

Á framangreindum forsendum gæti útflutningsframleiðsla vaxið um nálægt 4% á næsta ári en gera verður ráð fyrir nokkurri birgðasöfnun og því ólíklegt að útflutningur aukist um meira en rúmlega 3%. Það væri svipuð útflutningsaukning og spáð er á árinu 1981, en mun minna en árin 1978 til 1980, er aukningin var yfir 10% til jafnaðar á árinu.

Aukning útflutnings hefur jafnan verið ein meginundirstaða hagvaxtar á Íslandi. Þegar dregur úr aukningu útflutnings dregur jafnframt úr hagvexti, en að öðrum kosti væri hætta á halla í utanríkisviðskiptum.

8. Viðskiptakjör.

Viðskiptakjarabatinn á árinu 1981 á fyrst og fremst rætur að rekja til þeirrar hækkunar, sem orðið hefur á gengi Bandaríkjadollars gagnvart Evrópumyntum frá því á síðari hluta árs 1980. Af þessum sökum er óvenju mikil óvissa um þróun viðskiptakjara á næstu misserum. Hinar miklu sviptingar í gengisþróun á þessu ári munu hafa margvísleg áhrif á efnahagsþróun, sem aftur hefur áhrif á gengi. Að svo stöddu er gengið út frá þeirri forsendu í þessari áætlun, að gengi helstu mynta haldist óbreytt innbyrðis. Hér verður miðað við meðalgengi í september.

Hækkun Bandaríkjadollars mun óhjákvæmilega hafa áhrif á verð afurða sem skráð er eða samið um í dollurum á mörkuðum utan Bandaríkjanna. Greinileg áhrif þessa má sjá á mjöl og lýsismarkaði. Þannig var heimsmarkaðsverð á fiskmjöli í lok september um 15% lægra í dollurum en meðalverðið 1980 og lýsisverð var 20% lægra. Minnkandi eftirspurn eftir mjöli og lýsi á nokkurn þátt í verðlækkuninni en hækkun á gengi dollars vegur þó

þyngst. Verð á ýmsum sjávarafurðum, sem seldar eru til Evrópu, en samið um í dollurum, hefur þegar lækkað nokkuð, t. d. á saltsíld. Mikil óvissa er um saltfiskverð, þar sem gengi dollars gagnvart myntum helstu viðskiptaþjóða í Suður-Evrópu hefur hækkað mikið frá því samningar um saltfisksölu til þessara landa voru gerðir á síðastliðnum vetri. Verð á skreið er nú heldur lægra en það fór hæst fyrr á árinu. Hér verður einnig að hafa í huga, að í ýmsum tilvikum erum við í samkeppni við Evrópuþjóðir, sem selja í sínum eigin gjaldmiðlum, sem hafa lækkað verulega gagnvart dollar.

Gengishækkun dollars hefur ekki aðeins áhrif á útflutningsverð, heldur hefur hún einnig áhrif á innflutningsverð í mörgum tilvikum. Útflytjendur í Evrópu munu vafalítið reyna að hækka verð á vörum, sem þeir flytja á markaði þar sem þeir eru í samkeppni við vörur frá Bandaríkjunum. Þess vegna er líklegt að innflutningsverð í Evrópumyntum hækki heldur meira en áður var reiknað með og raunar benda verðvísitölur innflutnings á fyrri árshelmingi til þess að svo hafi þá þegar verið. Af öllu þessu má ráða, að hagstæð áhrif gengishækkunar dollars á viðskiptakjör séu nú í hámarki og að þau muni að einhverju leyti ganga til baka á næstu misserum.

Þótt gengisbreytingar ráði miklu um viðskiptakjör, þá skipta fleiri þættir miklu máli. Verð á íslenskum fiskflökum á Bandaríkjamarkaði hækkaði talsvert s. l. vor en verðið hafði þá verið óbreytt í nær tvö ár. Að öðru leyti hefur verðlag á frystiafurðum á Bandaríkjamarkaði frekar farið lakkandi á árinu. Verð á frystum flökum frá Kanada hefur lækkað og gerir það íslensku fyrirtækjunum erfiðara fyrir að halda sínu verði. Verð á blokkfrystum fiski hefur lækkað talsvert eða yfir 10% frá því í byrjun ársins. Neysla á frystum fiski í Bandaríkjunum hefur aukist á ný á þessu ári eftir samdrátt á síðasta ári. Þrátt fyrir þetta hefur verðlag yfirleitt lækkað, nema á íslenskum flökum. Búist er við áframhaldandi aukningu fiskneyslu á næstu misserum en óvíst er hvort það muni hafa veruleg áhrif til hækkunar á verði. Ástæðurnar eru meðal annars að verðlag á sumum öðrum matvælum gæti lækkað á næstu mánuðum og háir vextir valda hækkun sölukostnaðar sem setur hækkun innkaupsverðs skorður. Erfitt er að segja fyrir um hver verðþróunin verður næstu misserin, en þó verður að telja líklegt að verðlag hækki eitthvað á næsta ári.

Verð á áli og kísiljárnri hefur lækkað á þessu ári. Þessar vörur eru aðallega seldar til Evrópu og lækkun á gengi Erópumynta gagnvart dollar hefur því enn lækkað útflutningsverðið miðað við útflutningsverð í dollurum. Ef hagvöxtur glæðist í heiminum á ný á næsta ári, mun eftirspurn eftir áli og kísiljárnri væntanlega aukast og hefði það að öllum líkindum fljótt áhrif á afurðaverð. Það eru því líkur á, að ál- og kísiljárnverð hækki nokkuð á næsta ári. Um verð á öðrum iðnaðarútflutningi er afar erfitt að spá. Yfirleitt er verð á þessum vörum ákveðið með nokkuð löngum fyrirvara og oftast í upphafi árs. Verðið á þessu ári var því ákveðið áður en gengishækkun dollars kom í ljós fyrir alvöru. Meirihluti þessa útflutnings er í Evrópumyntum og útflutningsverð hefur lítið hækkað í krónum frá áramótum. Á næsta ári gæti ef til vill orðið um einhverja hækkun söluverðs að ræða en þar getur þó brugðið til beggja vona.

Það, sem hér hefur verið sagt um líklega þróun útflutningsverðs, felur í sér að verðhækkun útflutnings á næsta ári sé afar óviss og ekki unnt að búast við umtalsverðri hækkun. Hún gæti þó ef til vill numið um 6% miðað við meðalgengi en 3—4% í dollurum miðað við óbreytta gengisafstöðu helstu mynta frá því sem er í september.

Olíuverð í dollurum samkvæmt verslunarskýrslum fór lakkandi fyrri hluta ársins frá því sem það var á síðustu mánuðum ársins í fyrra. Skráð verð á Rotterdammarkaði fór hækkandi á ný eftir mitt árið og mun þess gæta í innflutningsverði á síðustu mánuðum ársins. Virðist nú líklegt, að innflutningsverð í dollurum verði að meðaltali svipað í ár og í fyrra. Í krónum hækkar olíuverð hins vegar meira en annað innflutningsverð, þar sem öll olíuviðskipti eru í dollurum. Miðað við skráð verð á Rotterdammarkaði í lok september, verður innflutnings-

verð á olíu nokkru hærra í lok ársins en að meðaltali á árinu. Hráolíuverð OPEC-ríkja hefur lækkað á þessu ári og ekki útlit fyrir hækkun á næsta ári vegna offramleiðslu á olíu í heiminum. Eins og áður sagði hefur Rotterdamverð heldur farið hækkandi að undanfögnu, en það var orðið mun lægra en verð á hráolíu á heimsmarkaði gaf tilefni til. Ef eftirspurn eftir olíu eykst á ný, jafnvel þótt í litlum mæli verði, er líklegt að Rotterdamverð hækki frekar á næsta ári. Það verður því að gera ráð fyrir, að innflutningsverð á olíu hækki eitthvað milli árána 1981 og 1982.

Verð á öðrum innflutningi ræðst einkum af verðlagsþróun í utanríkisviðskiptum á næsta ári. Spár ýmissa alþjóðastofnana, t. d. OECD, benda til þess að verð í utanríkisviðskiptum OECD-ríkja hækki heldur minna á næsta ári en í ár, ef reiknað er í myntum einstakra landa. Þessar spár, ásamt því sem áður var sagt um olíuverð, gætu falið í sér, að innflutningsverð hækkaði um 7—8% á næsta ári miðað við meðalgengi viðskiptamynta en í dollurum væri hækkunin þá innan við 5%.

Þær spár um útflutningsverð og innflutningsverð, sem hér hafa verið raktar, fela í sér að viðskiptakjör verði 1—2% lakari á árinu 1982 en á árinu 1981. Viðskiptakjörin yrðu þá svipuð og á árinu 1980.

9. Verðlag og tekjur.

Eins og áður kom fram, eru nú horfur á að vísitala framfærslukostnaðar hækki um 40% frá upphafi til loka ársins 1981. Þetta er þriðjungi minni verðbólga en verið hefur undanfarin tvö ár. Í I. og II. hluta þessarar skýrslu er lýst því markmiði og stefnu ríkisstjórnarinnar að fylgja þessum árangri eftir með frekari hjöðnun verðbólgu á næsta ári. Horfur á versnandi viðskiptakjörum gera árangur í þessum efnum torsóttari en verið hefur á þessu ári, þar sem versnandi viðskiptakjör setja stefnunni í gengisskráningu þrengri skorður en ella, ef tryggja á rekstrarstöðu útflutningsatvinnuvega. Það er því brýnt að draga svo sem unnt er úr innlendum kostnaðarhækkunum. Að öðrum kosti mun reynast erfitt að samrýma þau markmið að tryggja atvinnu og draga úr verðbólgu.

Kaupmáttur kauptaxta á síðasta fjórðungi þessa árs verður að líkindum svipaður og að meðaltali á árinu. Kaupmáttur á næsta ári mun meðal annars ráðast af niðurstöðu kjarasamninga, tilhögun verðbóta á laun og verðlagsþróuninni. Kaupmáttur ráðstöfunartekna mun auk þess ráðast af álagningu beinna skatta, atvinnuástandi, ákvörðun tryggingabóta og fleiri þáttum. Margt af þessu er enn óráðið og því erfitt að setja fram spá um kaupmáttarþróunina.

10. Þjóðarútgjöld.

Nú eru horfur á, að þjóðarútgjöld (án birgðabreytinga) aukist um nálægt 1/2% á þessu ári, en að birgðabreytingum meðtöldum verði þau svipuð og á síðasta ári. Þessi hæga aukning þjóðarútgjalda er veigamikill þáttur í því að viðskiptahalli á árinu geti orðið nokkru minni en hann var á síðasta ári. Á árinu 1981 er það samdráttur fjármunamyndunar, sem dregur úr vexti þjóðarútgjalda og þannig var það einnig árin 1978 og 1979, en í fyrra jókst fjárfestingin talsvert. Neysla hefur hins vegar aukist öll þessi ár.

Í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir, að fjármunamyndun dragist saman um nær 7% milli árána 1981 og 1982 og verði tæplega 24% af þjóðarframleiðslu.¹⁾ Það er lægra hlutfall en verið hefur síðasta áratuginn. Með þessu er komið á betra samræmi milli heildarsparnaðar þjóðarbúsins og fjárfestingar en verið hefur um langt skeið.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1982 verða samneysluútgjöld ríkisins svipuð

¹⁾ Þegar þjóðhagsáætlun var gerð hafði ekki verið gengið endanlega frá fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982. Niðurstöður þeirrar áætlunar sýna heldur minni samdrátt í fjárfestingu, 6%, en gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Þetta breytir ekki niðurstöðum þjóðhagsáætlunar í meginatriðum.

að raungildi og á þessu ári en búast má við nokkurri aukningu hjá sveitarfélögunum, þótt lítið sé enn vitað um fyrirætlanir þeirra. Samneysluútgjöld gætu því aukist lítilsháttar á næsta ári en þó ef til vill minna en síðustu árin.

Í lok þessa árs verður kaupmáttur kauptaxta launþega svipaður og hann er að meðaltali á öllu árinu 1981. Eins og áður kom fram mun kaupmáttur ráðstöfunartekna á næsta ári einkum ráðast af niðurstöðum kjarasamninga, verðlagsþróun, atvinnuástandi, skattálagningu og öðrum ráðstöfunum hins opinbera. Margt af þessu er enn óráðið. Í I. og II. hluta þessarar skýrslu kom fram sú stefna ríkisstjórnarinnar að treysta kaupmátt og tryggja betur hag þeirra, sem lakast eru settir. Í þessari áætlun er byggt á þeirri forsendu, að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verði um 1% meiri að meðaltali á næsta ári en á árinu 1981 eða um 2% meiri að meðtalinni fólksfjölgun, og að aukning einkaneyslu verði svipuð.

Á forsendum þjóðhagsáætlunar yrðu þjóðarútgjöld, án birgðabreytinga, um 1/2% minni á árinu 1982 en á árinu 1981, en að birgðabreytingum meðtöldum yrðu þjóðarútgjöld svipuð bæði árin.

11. Viðskiptajöfnuður.

Eins og áður kom fram, er gert ráð fyrir rúmlega 3% aukningu vöruútflutnings á næsta ári. Á forsendum áætlunarinnar um útflutningsframleiðslu og þjóðarútgjöld má búast við að innflutningur aukist einnig en þó minna en útflutningur. Samkvæmt þessu yrði vöruskiptajöfnuður, reiknaður á verðlagi ársins 1981, nokkru hagstæðari á árinu 1982 en á þessu ári. Ef forsenda þjóðhagsspar um rýrnun viðskiptakjara reynist rétt, verður afgangur á vöru-

Utanríkisviðskipti 1981 og 1982.

	Milljónir króna f.o.b. á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
	1981	1982 ¹⁾	1981	1982
Útflutningsframleiðsla				
Sjávarafurðir	5 420	7 250	2,6	2,0
Ál	735	1 150	1,0	15,0
Kísiljárn	152	285	34,0	35,0
Annað	623	845	-1,0	5,0
Samtals	6 930	9 530	2,8	4,3
Birgðabreytingar	-60	-180	.	.
Vöruútflutningur	6 870	9 350	3,5	3,3
Vöruinnflutningur				
Skip og flugvélar	315	335	-9,7	-20,0
Til stóriðjuvera ²⁾	545	765	-4,0	4,0
Annar vöruinnflutningur	5 490	7 550	1,0	3,3
þ. a. olía	1 010	1 330	-9,0	0,0
þ. a. annað	4 480	6 220	3,7	4,0
Vöruinnflutningur alls	6 350	8 650	0,6	2,2
Vöruskiptajöfnuður	520	700	.	.
Útflutt þjónusta	1 830	2 500	-5,0	4,4
Innflutt þjónusta	2 450	3 200	-5,0	-1,6
Þjónustujöfnuður	-620	-700	.	.
Viðskiptajöfnuður	-100	0	.	.

1) Á verðlagi fjárlagafrumvarps og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1982.

2) Álverksmiðja og járnblendiverksmiðja.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

skiptajöfnuði svipaður á næsta ári sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og á þessu ári. Afgangurinn yrði þá um 700 milljónir króna eða um 2½% af þjóðarframleiðslu.

Þjónustujöfnuður verður enn óhagstæður á þessu ári og hallinn líklega meiri en nemur afgangi á vöruskiptum. Líkur eru á að verulegur halli verði áfram á næsta ári en hann gæti þó orðið heldur minni, einkum ef vextir á erlendum fjármagnsmarkaði verða eitthvað lægri en þeir hafa verið á þessu ári. Halli á þjónustuviðskiptum verður þó tæpast minni en afgangurinn á vöruskiptajöfnuði þannig að utanríkisviðskiptin í heild yrðu í jafnvægi. Hér veltur þó á miklu að þjóðarútgjöld fari ekki fram úr því, sem hér er gert ráð fyrir.

12. Þjóðarframleiðsla — þjóðartekjur.

Þjóðhagsspá fyrir árið 1982 bendir til, að þjóðarframleiðsla vaxi um nálægt 1% eða ívið minna en á þessu ári. Vegna versnandi viðskiptakjara verður aukning þjóðartekna minni eða um ½%. Þjóðartekjur á mann dragast samkvæmt þessu lítilsháttar saman.

Þjóðarútgjöld, þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur 1980—1982.

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar ²⁾ frá fyrra ári, %		
	Bráðab. 1980	Spá 1981	Þjóðhags- áætlun 1982 ¹⁾	Bráðab. 1980	Spá 1981	Þjóðhags- áætlun 1982
Einkaneyzla	8 300	12 700	17 235	0,0	2,0	2,0
Samneyzla	1 590	2 436	3 272	2,0	2,0	1,0
Fjármunamyndun	3 613	5 124	6 343	8,6	-4,0	-6,9
Atvinnuvegir	1 501	2 000	2 419	5,8	-8,1	-9,1
Íbúðarhús	745	1 062	1 412	-3,0	-5,0	0,0
Opinberar framkvæmdir	1 367	2 062	2 512	19,9	1,2	-8,4
þ. a. orkuframkvæmdir	729	1 081	1 157	31,1	0,0	-19,5
Birgðabreytingar	103	60	180	.	.	.
Þjóðarútgjöld	13 606	20 320	27 030	3,2	0,1	0,0
Útflutningur vöru og þjónustu	5 813	8 700	11 850	2,7	1,5	3,5
Innflutningur vöru og þjónustu	6 131	8 800	11 850	3,7	-1,1	1,1
Viðskiptajöfnuður	-318	-100	0	.	.	.
Verg þjóðarframleiðsla	13 288	20 220	27 030	2,7	1,2	1,0
Viðskiptakjaraáhrif ³⁾	-1,2	0,8	-0,5
Vergar þjóðartekjur	1,5	2,0	0,5

1) Á verðlagi fjárlagafrumvarps og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1982.

2) Magnbreytingar 1980 og 1981 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980, en magnbreytingar 1982 eru miðaðar við áætlað verðlag ársins 1981.

3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Töfluviðauki

- Tafla 1. Breytingar þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar 1971—1980.
- Tafla 2. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1970—1979.
- Tafla 3. Vísitölur útflutningsverðs, innflutningsverðs og viðskiptakjara 1972—1980.
- Tafla 4. Verðlag 1970—1981.
- Tafla 5. Fjármál ríkisins 1972—1980.

Tafla 1. Breytingar þjóðarframleiðslu og verðmætaráðstöfunar 1971—1980.

	Meðaltal										Bráðab. 1980
	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	
I. Magnaukning frá fyrra ári, %:											
Einkaneyzla	4,6	9,6	8,7	7,0	-10,0	1,0	8,0	6,0	2,0	0,0	
Samneyzla	5,1	7,6	9,4	6,1	4,8	7,0	0,8	3,8	3,5	2,0	
Fjármunamyndun	6,5	-1,0	20,1	10,8	-8,4	-2,6	11,5	-7,1	0,1	8,6	
Verðmætaráðstöfun alls	5,3	1,8	12,9	10,4	-7,8	-3,1	10,9	0,8	1,6	3,2	
Útflutningur vöru og þjónustu	5,9	10,3	8,9	-0,7	1,4	11,9	10,3	14,6	5,3	2,7	
Innflutningur vöru og þjónustu	7,1	22,2	18,9	13,2	-10,3	-1,2	18,7	6,2	2,7	3,7	
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	4,6	12,8	7,7	3,5	-2,0	2,6	6,0	4,4	2,9	2,7	
Útflutningstekjur	5,8	3,0	16,7	-4,7	-7,1	18,3	15,5	13,0	-1,6	-0,1	
Þjóðartekjur, vergar	4,6	15,8	11,6	1,1	-5,8	6,0	9,0	4,4	-1,1	1,5	
II. Meðalmannafjöldi ársins:											
Aukning frá fyrra ári, %	1,1	1,5	1,5	1,4	1,3	1,0	0,8	0,8	1,0	1,1	
III. Magnaukning á manni frá fyrra ári, %:											
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	3,5	11,7	6,1	2,1	-3,3	1,6	5,2	3,6	1,9	1,6	
Þjóðartekjur, vergar	3,5	14,7	10,0	-0,3	-7,0	5,0	8,1	3,6	-2,1	0,4	
IV. Verðhækkun frá fyrra ári, %:											
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði	34,7	17,7	31,2	41,1	39,4	34,4	35,3	45,0	42,3	53,0	

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 2. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun 1970—1979.
Milljónir króna.

	Á verðlagi hvers árs									
	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Einkaneytla	281,8	356,7	446,9	609,2	932,1	1 249,9	1 641,1	2 323,8	3 545,5	5 316,1
Samneytla	42,3	55,2	72,2	99,2	156,7	219,7	299,4	429,8	683,6	1 022,0
Fjármunamyndun	105,1	160,5	191,0	286,1	451,5	635,6	780,1	1 087,5	1 507,1	2 174,2
Þrigðabreytingar	-3,9	15,8	-8,4	-1,9	25,8	36,8	-17,1	70,3	-38,9	13,2
Verðmætaráðstöfun, alls	425,3	588,2	701,7	992,6	1 566,1	2 142,0	2 703,5	3 911,4	5 697,3	8 525,5
Útflutningur vöru og þjónustu	211,4	223,7	262,1	373,9	480,8	721,9	1 055,2	1 452,7	2 498,1	3 851,5
Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	204,9	262,3	279,6	400,2	636,1	935,7	1 099,1	1 549,3	2 419,4	3 916,8
Víðskiptajöfnuður	6,5	-38,6	-17,5	-26,3	-155,3	-213,8	-43,9	-96,6	78,7	-65,3
Verg þjóðarframleiðsla	431,8	549,6	684,2	966,3	1 410,8	1 928,2	2 659,6	3 814,8	5 776,0	8 460,2
Á verðlagi ársins 1969										
	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979
Einkaneytla	253,1	294,6	322,9	351,0	375,6	338,0	341,4	368,7	390,8	398,7
Samneytla	35,5	37,9	40,8	44,6	47,4	49,7	53,1	53,5	55,6	57,5
Fjármunamyndun	92,7	131,7	130,4	156,7	173,6	159,0	154,9	172,7	160,4	160,6
Þrigðabreytingar	-2,5	13,5	-7,9	-3,5	9,5	12,4	-7,7	5,7	-1,5	-1,9
Verðmætaráðstöfun, alls	378,8	477,7	486,2	548,8	606,1	559,1	541,7	600,6	605,3	614,9
Útflutningur vöru og þjónustu	190,9	183,7	202,6	220,5	218,9	221,9	248,4	274,0	314,0	330,5
Frádr.: Innflutningur vöru og þjónustu	199,3	243,6	247,0	293,6	332,5	298,2	294,6	349,5	371,2	381,3
Víðskiptajöfnuður	-8,4	-59,9	-44,4	-73,1	-113,6	-76,3	-46,2	-75,5	-57,2	-50,8
Verg þjóðarframleiðsla	370,4	417,8	441,8	475,7	492,5	482,8	495,5	525,1	548,1	564,1
Áhrif víðskiptakjarabreytinga	14,6	28,1	28,2	48,8	37,8	16,7	34,0	52,0	54,4	32,0
Vergar þjóðarektur	385,0	445,9	470,0	524,5	530,3	499,5	529,5	577,1	602,5	596,1

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 3. Vísitölur útflutningsverðs, innflutningsverðs og viðskiptakjara 1972—1980.

	Vísitölur, 1972 = 100						Breytingar frá fyrra ári, %											
	Útflutningsverð			Innflutningsverð			Viðskiptakjör			Útflutningsverð			Innflutningsverð			Viðskiptakjör		
	Í isl. kr.	Í erl. mynt	Í isl. kr.	Í erl. mynt	Í isl. kr.	Í erl. mynt	Í isl. kr.	Í erl. mynt	Í erl. mynt	Í isl. kr.	Í erl. mynt	Í erl. mynt	Í isl. kr.	Í erl. mynt	Í erl. mynt	Í isl. kr.	Í erl. mynt	Í erl. mynt
A. Verð alls útflutnings og innflutnings																		
1973	143,1	131,8	123,3	113,5	116,0	43,1	31,8	23,3	13,5	16,0								
1974	191,8	159,0	183,7	152,2	104,4	34,0	20,6	49,0	34,1	-10,0								
1975	269,3	142,8	307,1	162,7	87,7	40,4	-10,2	67,2	6,9	-16,0								
1976	360,9	168,8	367,9	171,9	98,1	34,0	18,2	19,8	5,6	11,9								
1977	462,0	190,7	433,0	178,6	106,7	28,0	13,0	17,7	3,9	8,7								
1978	686,1	199,1	642,2	186,1	106,9	48,5	4,4	48,3	4,2	0,2								
1979	990,7	214,6	1 020,5	220,9	97,1	44,3	7,8	58,9	18,7	-9,2								
1980	1 455,3	228,8	1 551,2	243,7	93,8	46,9	6,6	52,0	10,3	-3,4								
B. Verð útflutnings og innflutnings án viðskipta áverksmiðju																		
1973	147,4	135,7	124,1	114,3	118,8	47,4	35,7	24,1	14,3	18,8								
1974	196,8	163,0	184,5	152,9	106,7	33,5	20,1	48,7	33,7	-10,2								
1975	272,4	144,3	303,1	160,7	89,9	38,4	-11,5	64,3	5,1	-15,7								
1976	364,2	170,1	360,7	168,6	101,0	33,7	17,9	19,0	4,9	12,3								
1977	466,2	192,2	427,1	176,2	109,2	28,0	13,0	18,4	4,5	8,1								
1978	689,0	199,7	630,0	182,7	109,4	47,8	3,9	47,5	3,7	0,2								
1979	977,7	211,7	1 013,7	219,6	96,4	41,9	6,0	60,9	20,2	-11,9								
1980	1 408,9	221,4	1 523,6	239,6	92,4	44,1	4,6	50,3	9,1	-4,1								

Ath.: Verðvísitölur í erlendri mynt eru reiknaðar á mælikvarða miðgengis.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

Tafla 4. Verðlag 1970—1981.
 Vísitölur 1970 = 100.

	Framfærsluvísitala				Vísitala vöru og þjónustu ¹⁾				Byggingarvísitala ²⁾			
	Hækkun, %		Hækkun, %		Hækkun, %		Hækkun, %		Hækkun, %		Hækkun, %	
	Vísitala	Frá upphafi fyrri ári til loka árs	Vísitala	Frá upphafi fyrri ári til loka árs	Vísitala	Frá upphafi fyrri ári til loka árs	Vísitala	Frá upphafi fyrri ári til loka árs	Vísitala	Frá upphafi fyrri ári til loka árs	Vísitala	Frá upphafi fyrri ári til loka árs
1971	106,4	6,4	107,4	3,8	122,8	14,4	112,2	3,9	122,2	12,2	10,0	
1972	117,4	10,3	122,8	13,0	153,2	24,7	136,9	17,9	156,9	22,0	20,4	
1973	143,5	22,2	153,2	34,2	217,7	42,2	265,8	35,1	174,9	27,8	38,2	
1974	205,2	43,0	217,7	49,7	327,2	50,2	377,8	49,6	265,8	52,0	57,5	
1975	305,6	49,0	327,2	41,0	436,7	33,5	466,5	33,0	377,8	42,1	34,1	
1976	404,0	32,2	436,7	32,5	570,0	30,5	606,5	34,8	466,5	23,5	25,6	
1977	527,0	30,4	570,0	36,0	822,3	44,3	892,8	40,7	606,5	30,0	39,0	
1978	759,2	44,1	822,3	39,2	966,2	37,5	1065,2	40,7	892,8	47,2	46,6	
Febrúar	643,7	37,2	702,0	37,5	772,8	43,0	895,9	37,5	792,7	42,2	42,2	
Mai	718,0	42,8	772,8	43,0	865,6	52,2	990,9	43,0	895,9	57,2	57,2	
Ágúst	799,2	51,7	865,6	52,2	921,9	47,3	1065,2	47,3	990,9	50,9	50,9	
Nóvember	848,7	46,9	921,9	47,3	1198,3	45,7	1312,4	63,0	1065,2	46,6	54,3	
1979	1104,6	45,5	1198,3	60,6	1904,8	59,0	2042,1	58,5	1312,4	47,0	54,3	
Febrúar	888,6	38,0	966,2	37,6	1071,5	38,6	1156,0	37,6	1156,0	45,8	45,8	
Mai	998,6	39,1	1071,5	38,6	1228,5	41,9	1465,9	41,9	1275,8	42,4	42,4	
Ágúst	1134,1	41,9	1228,5	41,9	1435,2	55,7	1643,2	55,7	1465,9	47,9	47,9	
Nóvember	1314,3	54,9	1435,2	55,7	1904,8	59,0	2042,1	58,5	1643,2	54,3	54,3	
1980	1751,3	58,5	1904,8	58,9	1571,5	62,6	1795,9	55,4	2042,1	55,6	57,3	
Febrúar	1434,0	61,4	1571,5	62,6	1750,3	63,3	2023,1	63,3	1795,9	55,4	55,4	
Mai	1623,8	62,6	1750,3	63,3	1938,4	57,8	2225,4	51,8	2023,1	58,6	58,6	
Ágúst	1788,2	57,7	1938,4	57,8	2162,1	50,6	2584,8	51,8	2225,4	51,8	51,8	
Nóvember	1982,5	50,8	2162,1	50,6	2490,6	58,5	2814,8	56,7	2584,8	57,3	57,3	
1981	2266,3	58,0	2490,6	58,5	2630,6	50,3	3050,4	50,8	2814,8	56,7	56,7	
Febrúar	2448,1	50,8	2630,6	50,3	2883,7	48,8	3347,5	50,4	3050,4	50,8	50,8	
Mai	2667,4	49,2	2883,7	48,8								
Ágúst												

1) A-liður framfærsluvísitölu.

2) Mánaðartölurnar sýna framfærsluvísitölu og vísitölu vöru og þjónustu í þeim mánuði, sem þær eru reiknaðar út. Vísitala byggingarkostnaðar er hins vegar ekki reiknuð út í sömu mánuðum og eiga byggingarvísitölurnar því við næsta útreikning á eftir þeim mánuðum, sem getið er í töflunni. Frá 1968 og fram á síðari hluta ársins 1975 var vísitala byggingarkostnaðar reiknuð út þrisvar á ári, í febrúar, júní og október. Í árslok 1975 var tekinn upp nýr grunnur byggingarvísitölu, og er hún nú reiknuð fjórum sinnum á ári, í marz, júní, september og desember.
 Heimild: Hagstofa Íslands.

Tafla 5. Fjármál ríkisins 1972—1980.
Rekstrargrunnur. Milljónir króna.

	1972	1973	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980
A. Rekstrarreikningur									
1. Tekjur	185,3	248,8	377,2	510,4	713,2	1002,8	1636,5	2480,4	3928,8
Tekju- og eignarskattar	43,2	56,7	59,4	61,0	91,8	110,4	280,4	462,2	648,9
Aðrir skattar	140,0	189,2	313,9	441,8	609,8	873,4	1327,0	1965,8	3178,9
Aðrar tekjur	2,1	2,9	3,9	7,6	11,6	19,0	29,1	52,4	101,1
2. Útgjöld	184,0	251,3	410,1	585,7	705,1	1028,2	1652,6	2491,5	3789,9
Samneyzla	50,4	71,1	111,6	145,9	202,5	355,8	569,4	855,3	1329,4
Vextir	3,4	4,5	7,9	18,0	24,0	33,5	64,5	76,0	88,0
Neyzlu- og rekstrarlífarslur	86,8	121,8	203,9	274,7	310,7	412,5	720,3	1144,9	1700,1
Til almennatrygginga	56,8	81,0	115,8	165,0	199,0	232,4	428,7	659,7	1040,4
Niðurgreiðslur	16,8	21,4	37,4	55,8	51,6	57,7	117,8	224,9	270,5
Annað	13,2	19,4	50,7	53,9	60,1	122,4	173,8	260,3	389,2
Fjármunamyndun	15,9	21,3	30,1	47,9	47,0	80,1	96,1	143,3	288,1
Fjármagnstífarslur	27,5	32,6	56,6	99,2	120,9	146,3	202,3	272,0	384,2
3. Rekstrarfjöldur, tekjur umfram gjöld	1,3	-2,5	-32,9	-75,3	8,1	-25,4	-16,1	-11,1	139,0
B. Lána- og viðskiptareikningar									
4. Lánveitingar, nettó	0,1	0,1	0,4	4,9	5,2	5,4	23,2	11,2	8,0
5. Lántökur, nettó ¹⁾	6,2	6,9	8,3	21,8	19,1	39,0	57,2	40,7	83,1
6. Lánafjöldur	6,1	6,8	7,9	16,9	13,9	33,6	34,0	29,5	75,1
7. Viðskiptareikningar	-6,3	-7,3	-8,9	3,4	-27,2	-25,8	-55,8	4,1	-152,0
C. Greiðslufjöldur	1,1	-3,0	-33,9	-55,0	-5,2	-17,6	-37,9	22,5	62,2
Sem hlutfall af vegrri þjóðarframleiðslu, markaðsvirði									
Tekjur	27,1	25,7	26,7	26,5	26,8	26,3	28,3	29,5	29,6
Útgjöld	26,9	26,0	29,1	30,4	26,5	27,0	28,6	29,6	28,5
Rekstrarfjöldur	0,2	-0,3	-2,3	-3,9	0,3	-0,7	-0,3	-0,1	1,0
Greiðslufjöldur	0,2	-0,3	-2,4	-2,9	-0,2	-0,5	-0,7	0,3	0,5

1) Lán hjá Seðlabanka ekki meðtalin.
Heimild: Ríkisreikningur.